# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 30. JANÚAR 2017





**Tugir þúsunda mótmæltu tilskipun Trumps víða um Bandaríkin og í mörgum stórborgum um víða veröld. Fólk kom meðal annars saman við Hvíta húsið í Washington.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Mikil andstaða gegn tilskipun Trumps

**Þjóðarleiðtogar víða um heim hafa fordæmt tilskipun Bandaríkjaforseta sem meinar fólki frá sjö löndum að koma til Bandaríkjanna. Kjörnir fulltrúar og ráðherrar hér á landi hafa tekið í sama streng og fólk ytra. Utanríkisráðherra segir íslensk stjórnvöld áhyggjufull.**

**UTANRÍKISMÁL** Fulltrúar allra flokka á Alþingi hafa sameinast um að fordæma tilskipun Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, um að loka landinu í þrjá mánuði fyrir ríkisborgurum sjö þjóða. Fundur hefur verið boðaður í utanríkismálanefnd vegna málsins.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að staðan valdi íslenskum stjórnvöldum miklum áhyggjum og að þeim skilaboðum verði komið áfram til bandarískra stjórnvalda á næstu dögum.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, tók í svipaðan streng á Twitter-síðu sinni en þar sagði hún meðal annars að vonandi hefði Trump aðeins látið svona til að fá fólk til að kjósa sig.

Fleiri ráðherrar hafa tjáð sig um málið. Félags- og húsnæðismálaráðherrann Þorsteinn Víglundsson

**» Samkvæmt tilskipun forseta Bandaríkjanna verður ríkisborgurum Íran, Írak, Sómalíu, Sýrlands, Súdan, Jemen og Líbýu meinuð innganga í landið næstu níutíu daga.**

sagði að andúð Íslands á verkum Trumps væri best sýnd með því að gera sjálf betur í að taka á móti flóttamönnum.

Meðráðherra Þorsteins í velferðarráðuneytinu, Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, hvatti fólk til að mótmæla mannvonsku og mismunun sem felist í tilskipuninni.

„Þetta er niðurlægjandi fyrir alla aðila og ekki síst hann sjálfan. Á meðan munum við taka á móti sýrlensku flóttafólki sem hreint andsvar við stefnu Bandaríkjaforseta,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins.

Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, benti síðan á að listinn yfir þjóðirnar sjö væri forvitnilegur. Lönd á borð við Sádi-Arabíu, Túnis, Belgíu og Frakkland hefðu auðveldlega getað ratað á listann ef litið hefði verið til fjölda hryðjuverkamanna. **– jóe, – sa** **/ sjá síðu 8**

## Konur gegn hrelliklámi

**SAMFÉLAG** Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélagsins, segir meðal helstu baráttumála félagsins að vinna gegn hrelliklámi, „þeirri risastóru og hættulegu vá sem steðjar að konum núna“.

Kvenréttindafélagið, sem fagnar 110 ára afmæli um þessar mundir, mun í mars birta niðurstöður rannsóknar á hrelliklámi sem gerð var í norrænu samstarfi. **– jhh** **/ sjá síðu 18**



Fríða Rós Valdimarsdóttir

## Sjálfboðaliðar eyða lúpínunni

**UMHVERFISMÁL** Allt að 270 vinnudögum sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar var varið í fyrra til þess að fjarlægja lúpínu.

Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi Skógræktar ríkisins, segir þetta skjóta skökku við á tímum loftslagsbreytinga. Nýta mætti sjálfboðaliða til að safna birkifræjum og breiða úr birki í lúpínubreiðum.

„Lúpína bætir næringarástand jarðvegs og því er upplagt að rækta íslenskt birki í lúpínubreiðum og nýta þannig þjónustu hennar.“ segir Pétur. **– sa** **/ sjá síðu 6**

**270**

**vinnudögum sjálfboðaliða var varið í að fjarlægja lúpínu.**

## Fréttablaðið í dag


**SPORT** Ólafía Þórunn ánægð með frumraunina á LPGA. 13



**SKOÐUN** Öll súpum við seyðið af kjöri Trumps, segir Guðmundur Andri Thorsson. 17

**LÍFIÐ** Róbert Aron og Benedikt Freyr í útvarpsþættinum Kronik hafa gert lista yfir það besta frá síðasta ári í heimi hiphop-tónlistar. 24

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **FASTEIGNIR**
- **ALLT FYRIR HEIMILIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Nokkuð hvasst í dag, mánudag. Snjókoma og síðar slydda eða rigning, einkum suðaustan til á landinu.

SJÁ SÍÐU 20

# Fyrir Birnu




Þúsundir gengu á laugardag niður Laugaveginn til að heiðra minningu Birnu Brjánsdóttur. Lögð voru blóm og kveikt á kertum við Laugaveg 31 þar sem síðast sást til Birnu á lífi. Í gær bættist áfram við blómin sem mörg eru frá fólki sem þekkti ekki Birnu en gleymir henni aldrei. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dæmdir fyrir líkamsárás hvor gegn öðrum

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru dæmdir í Héraðsdómi Austurlands í upphafi þessa mánaðar í átta mánaða fangelsi fyrir líkamsárás hvor gegn öðrum. Þá hlaut annar þeirra að auki dóm fyrir tilraun til fjárkúgunar.

Mönnunum sinnaðist á Cafe Kósý á Reyðarfirði í febrúar í fyrra. Íslendingur kastaði bjórglasi í höfuð pólsks manns sem svaraði með hnefahöggi. Báðir meiddust. Fimm mánuðir refsingar Íslendingsins voru bundnir skilorði til þriggja ára.

Dómur pólska mannsins var ekki bundinn skilorði þar sem hann rauf skilorð. Hann var að auki dæmdur fyrir að krefja hinn sakborninginn og bróður hans um hálfa milljón króna ella myndu hann og félagar hans beita bræðurna ofbeldi. **– jóe**



Fyrirtækið hefur verið starfrækt lengi á Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hópuppsögn á Húsavík

**VINNUMARKAÐUR** Reykfiskur, fyrirtæki í eigu Samherja, hefur sagt upp öllu starfsfólki á Húsavík og hættir 1. maí næstkomandi.

Um tuttugu starfsmenn vinna hjá Reykfiski á Húsavík og því er um nokkra blóðtöku að ræða fyrir bæjarfélagið.

Fyrirtækið sérhæfir sig í að reykja fisk og voru í fyrra framleidd um 700 tonn af reyktum flökum bæði á innanlandsmarkað og erlendis.

Fundur var haldinn með starfsfólki fyrir helgi og því tjáð að gengi krónunnar og markaðsmál erlendis hafi verið meginástæða þess að skellt verður í lás eftir rúma þrjá mánuði. **– sa**

## Lögreglustjóri hættir störfum

**LÖGREGLUMÁL** Páll Björnsson, lögreglustjóri á Norðurlandi vestra, hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu og mun nýr lögreglustjóri taka við af honum 1. apríl næstkomandi. Mikil ólga hefur verið innan lögregluliðsins upp á síðkastið með stjórnunarhætti Páls og íbúar á svæðinu hafa einnig kvartað undan staðsetningu lögreglumanna.

Fréttablaðið sagði frá því þann 25. október síðastliðinn að ólga væri innan lögregluliðsins en í upphafi októbermánaðar hafi lögreglumenn sent bréf til Páls þar sem krafist væri úrbóta og óskað eftir svörum lögreglustjóra.

Einnig hafa íbúar á svæðinu og sveitarstjórnir óskað svara um mönnun lögreglunnar og bent á að langan tíma hafi tekið fyrir lögreglumann á vakt að komast til Hvammstanga þegar bíll fór í höfnina með þeim afleiðingum að maður lét lífið. **– sa**

# Laugavegur 31 gæti fært kirkjunni yfir milljarð

**Laugavegur 31 hentar ekki fyrir starfsemi þjóðkirkjunnar og er til sölu. Áhugasamir kaupendur spyrja um húsið nánast í hverri viku segir fulltrúi í kirkjuráði sem kveður þó ekki öruggt að af sölunni verði. Verðið gæti farið yfir milljarð.**

**FASTEIGNIR** „Ég hugsa að það megi segja að þetta sé eitt dýrasta skrifstofuhúsnæði á Íslandi," segir Svana Helen Björnsdóttir, fulltrúi í Kirkjuráði sem sett hefur Kirkjuhúsið á Laugvegi 31 á sölu.

„Það hefur lengi verið rætt um að selja þetta hús, aðallega til þess að komast í húsnæði sem hentaði betur starfseminni á biskupsstofu. Húsið er á mörgum hæðum og nýtist illa. Neðsta hæðin er eiginlega bara eitt stórt anddyri þannig að nýtingin er ekki góð fyrir skrifstofustarfsemi. Svo er komin viðhaldsþörf," segir Svana.

Aðspurð segir Svana þjóðkirkjuna ekki hafa augastað á nýju húsnæði eða staðsetningu.

„Við erum bara að athuga hvaða verð við gætum fengið fyrir húsið. Við höfum sett húsið á sölu en það er engin skuldbinding að selja. Við myndum gjarnan vilja komast í hentugra húsnæði og koma líka ýmsum öðrum þáttum kirkjunnar undir það sama þak."

Húseigninni var reyndar sýndur mikill áhugi áður en hún var sett á sölu. „Það koma í hverjum mánuði, nánast í hverri viku, aðilar sem sýna húsinu áhuga – ekki bara fasteignasalar heldur aðilar sem vilja hreinlega kaupa húsið undir ýmiss konar verslunar- og þjónustustarfsemi," svarar Svana.

Sverrir Kristinsson, fasteignasali hjá Eignamiðlun, segir nokkra nú þegar hafa spurt um húsið. Sverrir líkir Laugavegi 31 við Reykjavíkurapótek og Eimskipafélagshúsið en hann kom að sölu beggja þessara eigna á sínum tíma.

„Þetta er eitt allra fallegasta húsið í miðborg Reykjavíkur og er ein af þessum gulleignum í bænum – þetta fer í hæsta flokk, hiklaust," segir Sverrir.

Ekkert ásett verð er á húsinu og Svana segir mismunandi verð hafa verið boðið í eignina auk þess sem sumir hafi vilja kaupa hluta hússins eða þá taka það á leigu. „Við vitum ekki hvað er raunhæft í verði."

Sverrir segir ekki hægt að áætla verð á Laugvegi 31 út frá meðalverði á atvinnuhúsnæði í miðbænum.

„En ef við tökum þetta hús þá er staðsetningin svo gríðarlega öflug. Þarna fara eflaust hundruð þúsunda útlendinga fram hjá á hverju ári. Við þekkjum sambærilega staði í miðborginni þar sem fermetraverð í götuhæð getur farið í allt að eina milljón króna," segir Sverrir.

Miðað við þetta fer verðið á Laugavegi 31 sjálfsagt yfir 1.000 milljónir króna. Húsið var byggt árið 1945 og er 1.542 fermetrar. Það er fjórar hæðir og kjallari.

gar@frettabladid.is




Laugavegur 31 er nú miðpunktur í rannsókn á hvarfi og andláti Birnu Brjánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERRNIR

> **Þetta er eitt allra fallegasta húsið í miðborg Reykjavíkur og er ein af þessum gulleignum í bænum – þetta fer í hæsta flokk, hiklaust.**
>
> Sverrir Kristinsson fasteignasali








## Nýtt ár, ný viðmið

Við kynnum hinn glænýja Toyota C-HR, fínslípaðan demant sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Einstökum bíl fylgir einstök tilfinning. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið, enda fyrstur sinnar tegundar.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.


Klippt var á borða með pomp og prakt á síðasta kjörtímabili.

## Ellefu raðhús rísa á Húsavík

**HÚSAVÍK** Byggðarráð Norðurþings hefur samþykkt samkomulag við PCC á Bakka um að úthluta fyrirtækinu lóðir fyrir ellefu parhús í Holtahverfi á Húsavík. Mun fyrirtækið samkvæmt samkomulagi við bæinn ljúka framkvæmdum við uppbyggingu parhúsanna á næstu sex til átta mánuðum.

Á móti mun sveitarfélagið hefjast handa við gatnagerð svo fljótt sem verða má.

PCC reisir nú kísilmálmverksmiðju á Bakka við Húsavík. Áætluð framleiðslugeta fyrirtækisins verður um 32 þúsund tonn en til þess þarf um 50 megavatta raforku. Rúmlega eitt hundrað starfsmenn munu starfa við verksmiðjuna og til þess þarf að fjölga íbúðum á svæðinu. **– sa**

**50**

**megavött af raforku þarf fyrir verksmiðju PCC.**

# Sóknarfæri fyrir Ísland í Asíu

**Uppbygging tengslaneta við Asíulönd er stórt hagsmunamál í útflutningi. Hágæðamörkuðum í Evrópu og vestan hafs fækkar en fjölgar hratt í Asíu. Kallað eftir samstarfi stjórnvalda, atvinnulífs og menntastofnana.**

**VIÐSKIPTI** Eitt stærsta hagsmunamál íslensks sjávarútvegs á komandi árum kann að vera bættar samgöngur og uppbygging tengslaneta við Asíu. Sterk samkeppnisstaða Íslands á rætur í öflugu flutningsneti og fjölda áfangastaða – sem á sér fáar hliðstæður.

Berta Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, gerir þetta að umtalsefni í nýrri greiningu sjávarklasans.

Blikur eru á lofti, skrifar Berta, því að sjávarútvegurinn, og aðrir framleiðendur matvæla sem hyggja á útflutning, standa frammi fyrir þeirri staðreynd „að þeir markaðir, sem íslensk flutningsfyrirtæki og um leið útflytjendur sjávarafurða hafa þjónað um hundruð ára eru sumpart hnignandi.“

Berta bendir á að í samanburði við Asíu sé hagvöxtur í Vesturheimi rýr og fólksfjölgun lítil.

„Á evrópsku og bandarísku markaðina verður mögulega erfiðara að selja eina vönduðustu sjávarafurð sem til er við Atlantshaf, Atlantshafsþorskinn. Það sama má segja um önnur íslensk matvæli sem áhugi er á að markaðssetja sem einhver hreinustu matvæli heims; skyr, vatn, bjór, lamb og áfram mætti telja. Á sama tíma og hágæðamörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum fækkar fer þeim ört fjölgandi í löndum eins og Kína og Suður-Kóreu,“ segir Berta.

Í þessu ljósi segir Berta bættar samgöngur og uppbygging tengslaneta við Asíu vera stórt hagsmunamál.

Stóra breytingin, sem er líkleg til að opna dyr inn á áhugaverða markaði fyrir íslensk matvæli í Asíu, er beint flug frá Íslandi en líklegt telur Berta að af því verði innan nokkurra ára. Skemmst er að minnast orða Skúla Mogensen, forstjóra WOW air, í Fréttablaðinu fyrir skömmu:

„Það er ekkert launungarmál að við horfum til Asíu og annarra fjarlægra landa. Ég sé bæði tækifæri í flugi til og frá þessum löndum til Íslands, en jafnframt endurspeglar þetta fyrst og fremst þá sýn að Ísland geti orðið mjög stór alþjóðleg tengimiðstöð fyrir flug. Miðstöðin myndi þá tengja saman Asíu, Norður-Ameríku og Evrópu.“

Berta hvetur til þess að öflugu klasasamstarfi, sem teygi sig inn í stjórnkerfi, atvinnulíf og menntastofnanir, verði komið á og unnin verði heildstæð stefnu- og framkvæmdaáætlun.

„Íslendingar hafa nú um árabil aðallega beint athygli og umræðu að staðsetningu Reykjavíkurflugvallar þegar rætt er um flutningskerfið. Alþjóðlegar flugtengingar og uppbygging alls flutningskerfisins, sem opna mikil tækifæri fyrir Ísland, verða að komast betur að í umræðu og stefnumörkun stjórnvalda,“ ályktar Berta.

svavar@frettabladid.is



Útflutningur til Asíu með flugi gæti orðið að veruleika innan fárra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Alþjóðlegar flugtengingar og uppbygging alls flutningskerfisins, sem opna mikil tækifæri fyrir Ísland, verða að komast betur að í umræðu og stefnumörkun stjórnvalda.**


Berta Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans

# Meiri snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands kallar á aukið fjármagn

**SLYS** Veðurstofan þarf aukið fjármagn ef hún á að sinna frekara ofanflóðaeftirliti. Þetta segir sérfræðingur á snjóflóðavakt hjá Veðurstofunni.

Í kjölfar mannskæðra snjóflóða á Flateyri og Súðavík árið 1995 voru sett ný lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Var Veðurstofunni þá falið það hlutverk að halda uppi eftirliti með snjóflóðum. Komið var á fót snjóathugunarkerfi í sveitarfélögum þar sem snjóflóð ógna byggð.

„Þar eru snjóathugunarmenn sem safna gögnum um snjó í fjalllendi fyrir ofan sína þéttbýliskjarna og út frá því, og veðurspám, byggjum við okkar spár. Ofanflóðavaktin hefur verið okkar viðleitni til að miðla þeim gögnum,“ segir Auður Kjartansdóttir sérfræðingur á snjóflóðavakt Veðurstofunnar.

Einn maður lést þegar snjóflóð féll í Esjuhlíðum í fyrradag. Snjóflóð í hlíðum fjallsins eru tíð en ofanflóðavakt fyrir fjallið er ekki á heimasíðu Veðurstofunnar. Þar er að finna upplýsingar fyrir Vestfirði, Tröllaskaga og Austfirði auk almennar spár fyrir landið.

„Það má færa rök fyrir því að þörf sé á að gera sérstaka spá fyrir suðvesturhornið samhliða aukinni útivist fólks í landshlutanum. Við höfum ekki fengið fjármagn til slíks og höfum enn ekki komið á fót kerfi til að gera slíkt,“ segir Auður. **– jóe**

> **Eftir snjóflóðin á Flateyri og Súðavík 1995 voru sett ný lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Var Veðurstofunni þá falið það hlutverk að halda uppi eftirliti með snjóflóðum.**



Viðbragðsaðilar á vettvangi í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




FIAT TIPO
VERÐ FRÁ: 2.790.000 KR.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÞAÐ ÞARF SVO LÍTIÐ TIL AÐ FÁ HEILMIKIÐ FIAT TIPO HLAÐINN AUKABÚNAÐI – MEÐ FIMM ÁRA ÁBYRGÐ
KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM FIAT. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR, RJÚKANDI HEITT KAFFI Á KÖNNUNNI
Bíll á mynd Fiat Tipo 1.4 Lounge 2.990.000 kr.
fiatisland.is

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




Við kynnum nýjan **Mitsubishi ASX**. Þessi snaggaralegi fjórhjóladrifni sportjeppi skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og finnur hvernig þægindin gera aksturinn að hreinni upplifun. Taktu snúning á ASX og leyfðu skilningarvitunum að skemmta sér.

**Mitsubishi ASX 4x4**
Instyle ClearTec dísil, sjálfskiptur frá:
**4.890.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




Benoit Hamon er ekki talinn líklegur til afreka í kosningunum sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hamon verður á kjörseðlinum

**FRAKKLAND** Benoit Hamon verður frambjóðandi Sósíalistaflokksins í frönsku forsetakosningunum sem fram fara í apríl. Þetta varð ljóst í gær.

Hamon, sem er fyrrverandi menntamálaráðherra, hafði betur í síðari umferð forvals flokksins nokkuð örugglega gegn Manuel Valls, fyrrverandi forsætisráðherra landsins. Í upphafi voru sjö í framboði.

François Hollande, núverandi forseti, er úr Sósíalistaflokknum en ólíklegt þykir að flokknum muni vegna vel í kosningunum. Nokkurrar óánægju hefur gætt með störf forsetans að undanförnu.

Sem stendur eru Repúblikaninn Francois Fillon, þjóðernissinninn Marine Le Pen og Emmanuel Macron, fyrrverandi efnahagsmálaráðherra landsins, líklegust til að ná kjöri í kosningunum og verða næsti forseti landsins. – **jóe**

## Snjósveppurinn mikli



**Lögreglumaður í Tangmarg hringir úr síma í varðturni sem fennt hefur í kaf. Tangmarg er í indverska hluta Kasmírs um fjörutíu kílómetra norður af Srinagar, sem er sumarhöfuðborg héraðsins. Gífurleg ofankoma hefur verið á svæðinu enda hefur snjóað þar nær stanslaust síðustu fimm daga. Snjóruðningsmenn ruddu leið til svæðisins í gær til að koma þangað vistum en engum var hleypt á brott.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vetrarþjónusta
mokstur, salt & sandur
Það þarf líka að huga að garðinum á veturna og erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Söltun, söndun og snjómokstur á bílastæðum, gangstéttum ofl.**
gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík
GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Ársverk sjálfboðaliða í að vinna gegn lúpínum

**Allt að tvö þúsund stundir sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar eru nýttar til að eyða og fjarlægja lúpínu. Upplýsingafulltrúi Skógræktar ríkisins telur heppilegra að nýta sjálfboðaliða í annað en að eyða gróðri á tímum loftslagsbreytinga.**

**NÁTTÚRA** Allt að 270 vinnudögum sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar var varið í fyrra til þess að fjarlægja lúpínu.

„Þetta kann að hljóma sem há tala en oft eru um tíu manns í einu sem vinna að því að fjarlægja lúpínu eins og í Skaftafelli (Vatnajökulsþjóðgarði) og því eru vinnudagarnir fljótir að safnast saman,“ segir í svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Lúpína er að líkindum umdeildasta planta í íslenskri plöntuflóru en miklum tíma er varið í það árlega að hefta útbreiðslu hennar eða fjarlægja úr íslensku landslagi.

Umhverfisstofnun hafði á að skipa 104 sjálfboðaliðum í fyrra sem unnu samtals í 1.756 daga. Allt að fimmtán prósent þessa daga fóru í að útrýma lúpínu af svæðum þar sem lúpína er talin ekki eiga heima.

„Samkvæmt reglugerð er öll ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum, landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó,“ segir í svari Umhverfisstofnunar.

„Mörg friðlýst svæði njóta einnig verndar vegna sérstæðs landslags eða gróðurfars og því kann dreifing framandi ágengra planta að hafa áhrif á verndargildi viðkomandi svæða. Af þeim sökum hefur Umhverfisstofnun, sem umsjónaraðili friðlýstra svæða, séð um að fjarlægja lúpínu.“

Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi Skógræktar ríkisins, segir þetta skjóta skökku við á tímum loftslagsbreytinga og hægt væri að nýta sjálfboðaliða til að safna birkifræjum til að breiða út birkiskóga inni í lúpínubreiðum.



**Birki og víðir vaxa upp úr lúpínubreiðum eftir því sem jarðvegurinn batnar** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Lúpína bætir næringarástand jarðvegs og því er upplagt að rækta íslenskt birki í lúpínubreiðum og nýta þannig þjónustu hennar. Á tímum loftslagsbreytinga er mikilvægt að efla gróðurþekju landsins. Almennur stuðningur er við það meðal landsmanna að breiða birkiskógana út á ný. Þörf er á vinnandi höndum til að safna fræi af birki, dreifa fræi og gróðursetja birkiplöntur.“ **sveinn@frettabladid.is**

> Þörf er á vinnandi höndum til að safna fræi af birki, dreifa fræi og gróðursetja birkiplöntur.
>
> Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi Skógræktar ríkisins



# Fordæma tilskipun Bandaríkjaforseta

**Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, mun koma áleiðis skýrum skilaboðum stjórnvalda sem fordæma tilskipun forseta Bandaríkjanna sem bannar ríkisborgurum sjö þjóða að koma til landsins. Formaður Samfylkingar segir ógeðslega mynd teiknast upp.**

**BANDARÍKIN** Stjórnmálaleiðtogar vítt og breitt um heiminn hafa fordæmt umdeilda tilskipun Bandaríkjaforseta um að loka landamærum tímabundið fyrir ríkisborgurum sjö þjóða. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir íslensk stjórnvöld ætla að senda skýr skilaboð og mun hann kalla forsvarsmenn bandarískra stjórnvalda á sinn fund.

„Þetta er eitthvað sem veldur okkur miklum áhyggjum. Við munum koma þeim skilaboðum skýrt til bandarískra stjórnvalda á næstu dögum,“ segir Guðlaugur Þór.

„Það er að teiknast upp mun ógeðslegri mynd, strax á fyrstu dögum hans í embætti, en maður gat í raun ímyndað sér í fyrstu,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, um Donald Trump Bandaríkjaforseta. „Þessi embættisverk geta verið vatn á myllu öfgasamtaka og því þurfum við að vera samstíga um sterk skilaboð frá okkur. Svona vinnubrögðum eigum við að mótmæla kröftuglega.“

Ringulreið skapaðist á flugvöllum vestanhafs í fyrrakvöld, eftir að tilskipun Bandaríkjaforseta tók gildi. Landamærum ríkisins hefur verið lokað tímabundið fyrir ríkisborgurum Jemens, Sýrlands, Sómalíu, Súdans, Íraks, Írans og Líbíu. Tilskipun forsetans nær einnig til þeirra sem

> **Það er að teiknast upp mun ógeðslegri mynd, strax á fyrstu dögum hans í embætti, en maður gat í raun ímyndað sér í fyrstu.**
>
> Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar



þegar hafa fengið vegabréfsáritun.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir tilskipun Bandaríkjaforseta ömurlega. „Við eigum að fordæma þessa hegðun. Utanríkisráðherra hefur tekið málið föstum tökum. Við munum vinna áfram að málinu í vikunni og skýra afstöðu okkar,“ segir Benedikt.

„Það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld sendi frá sér harða gagnrýni á þetta framferði. Stjórnvöld um nær allan hinn vestræna heim hafa risið upp og fordæmt þessa hegðun. Við eigum að senda skýr skilaboð,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata.

Hollande Frakklandsforseti sem og Theresa May, forsætisráðherra Breta, gagnrýndu Trump í gær.

Sigurður Ingi Jóhannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, segir tilskipun Trumps hreina og beina mannvonsku.

„Þetta er niðurlægjandi fyrir alla aðila og ekki síst hann sjálfan. Á meðan munum við taka á móti sýrlensku flóttafólki sem hreint andsvar við stefnu Bandaríkjaforseta,“ segir Sigurður Ingi.

sveinn@frettabladid.is



Tilskipun Trumps hefur verið harðlega gagnrýnd um allan heim.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Guðlaugur Þór

> **Þetta er niðurlægjandi fyrir alla aðila og ekki síst hann sjálfan. Á meðan munum við taka á móti sýrlensku flóttafólki sem hreint andsvar við stefnu Bandaríkjaforseta.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, fyrrverandi forsætisráðherra.

## Sér ekki mun á ISIS og Trump



„Þetta er rasismi og við eigum ekki að vingast við svona fólk,“ segir **Salmann Tamimi**, formaður Félags múslima hér á landi. „Ég minni á að Hitler var kosinn í lýðræðislegum kosningum og þetta er sama hugmyndafræði, að sundra þjóðum og skipta fólki í tvo hópa, hverju á móti öðru.“

Salmann segist ekki lengur sjá mun á Trump og ISIS. Hann segir vinnubrögð Trumps heimsku sem muni koma Bandaríkjunum illa þegar fram í sækir. „Trump vill nú amerískt land fyrir Ameríkana, þetta er sama djöfulsins ruglið og í ISIS. Þetta er sorglegt, við lifum á 21. öldinni en samt lifum við tíma þar sem skipting heimsbyggðarinnar hefur aldrei verið meiri,“ bætir Salmann við.






# Trump bakkar ekki þrátt fyrir gríðarleg mótmæli

**BANDARÍKIN** Þjóðarleiðtogar heimsins, auk ýmissa ríkis- og borgarstjóra í Bandaríkjunum, hafa keppst við að fordæma tilskipun Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, sem felur í sér að ríkisborgurum sjö tiltekinna ríkja verði meinuð inngangа í landið. Tugir þúsunda mótmæltu tilskipuninni víðsvegar um landið.

Í tilskipuninni felst að fólk frá Írak, Íran, Líbíu, Sómalíu, Súdan, Sýrlandi og Jemen mun ekki fá inngöngu í Bandaríkin næstu níutíu daga. Mikil ringulreið fylgdi víða í kjölfar tilskipunarinnar þar sem fólki var til að mynda ekki hleypt um borð í flugvélar á leið til Bandaríkjanna sökum þess hvar það fæddist. Þá var fólk, sem þegar var komið í loftið, stöðvað við lendingu.

Meðal þeirra sem fordæmdu tilskipunina má nefna Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Í yfirlýsingu frá henni útskýrir hún meðal annars innihald Genfarsáttmálans fyrir forsetanum og nauðsyn þess að ríki heimsins taki við flóttamönnum frá stríðshrjáðum ríkjum. Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, bauð flóttamenn velkomna til lands sins í tísti sem hann sendi frá sér.

Tilskipunin hefur þegar lent á borðum dómstóla en alríkisdómari í New York komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að bannið stæðist ekki stjórnarskrá landsins. Talsmaður Hvíta hússins sagði að sú niðurstaða hefði lítil áhrif á framkvæmd bannsins.

Þrátt fyrir afstöðu alþjóðasamfélagsins og aðila innanlands mun Trump ekki bakka. Það kom fram í yfirlýsingu frá Hvíta húsinu í gærkvöldi. **– jóe**

## Hvað eru tilskipanir?

Tilskipanir Bandaríkjaforseta þykja oft nokkuð umdeildar þar sem að með þeim sneiðir forsetinn hjá þinginu. Barack Obama var gagnrýndur fyrir tilskipanir sem fólu í sér aukin réttindi LBGT-fólks og breytingar á heilbrigðiskerfinu.

Forsetar hafa verið misgjarnir á slíkar tilskipanir. Franklin D. Roosevelt átti flestar slíkar, 3.522 alls, enda sat hann lengst Bandaríkjaforseta og á stríðstímum. Frá lokum síðara stríðs er Barack Obama sá forseti, sem setið hefur tvö kjörtímabil, sem sett hefur fæstar tilskipanir eða 276 talsins.

Donald Trump hefur sett fjórar tilskipanir á fyrstu viku sinni sem forseti Bandaríkjanna. Haldi hann áfram á sama hraða mun hann setja 832 slíkar á kjörtímabilinu og vera sá forseti sem helst brúkar tilskipanir til að koma málum sínum áfram.

# ÚTSÖLU-MARKAÐUR

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

FISKARS GARÐÁHÖLD, VALDAR NILFISK RYKSUGUR OG HÁÞRÝSTIDÆLUR, ÖRYGGISSKÓR, VALIN GRILL, ÚTILEGUVÖRUR, HJÓLAPUMPUR, HEIMILISVÖRUR OG MARGT FLEIRA.

**ÚTSÖLUMARKAÐUR OLÍS OG REKSTRARLANDS**
**30. JANÚAR TIL 4. FEBRÚAR**

Einstakt tækifæri til að gera reyfarakaup.
Allt að 80% afsláttur á völdum vörum.

Opið mán.-fös. kl. 12-18
og lau. 4. febrúar kl. 10-16

Vatnagarðar 10 | Sími 515 1100 | www.rekstrarland.is

olís

REKSTRARLAND



GÆÐAGISTINGAR Á SÉRTILBOÐI

STÓRAR GISTINGAR BÓKAST FYRST

# VELDU ÞÍNA PARADÍS

## KANARÍ, MALLORCA, ALMERÍA, COSTA BRAVA B

TENERIFE – 7 DAGAR



Playa de las Americas

**MARYLANZA** ★★★★ 16.–23. ÁGÚST

VERÐ FRÁ **94.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 109.000 kr.

KANARÍ – 7 DAGAR



Enska ströndin

**BARBACÁN SOL** ★★★★ 7.–14. JÚNÍ

VERÐ FRÁ **79.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 95.900 kr.

MALLORCA – 10 DAGAR



Palmanova

**VIVA PALMANOVA** ★★★★ 19.–29. JÚNÍ

VERÐ FRÁ **128.000 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 154.700 kr.

**Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg. taska, handfarangur, gisting og íslensk fararstjórn**




ALMERÍA – 7 DAGAR



Roquetas de Mar
**ZORAIDA GARDEN** ★★★★ 18.–25. ÁGÚST

VERÐ FRÁ **98.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli og **allt innifalið.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 120.950 kr.

BENIDORM – 7 DAGAR



Benidorm
**BALI** ★★★★ 18.–26. ÁGÚST

VERÐ FRÁ **89.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **hálfu fæði.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 119.600 kr.

COSTA BRAVA – 7 DAGAR



Tossa de Mar
**GOLDEN BAHIA DEL TOSSA** ★★★★ 6.–15. JÚNÍ

VERÐ FRÁ **94.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **hálfu fæði.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 116.900 kr.

*Athugið, með fyrirvara um prentvillur.

* Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn // ** Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

# Ábyrgðarstörf



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hlýtur að vera erfitt að taka við nýju starfi án þess að njóta til þess trausts eða ánægju viðkomandi vinnuveitenda nema að litlu leyti. Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar virðist einmitt hefja starfsferilinn við slíkar aðstæður, en tvær kannanir sem birtust í liðinni viku sýna að bæði ánægja kjósenda með nýja ríkisstjórn og stuðningur þeirra við hana er í sögulegu lágmarki.

En hvað veldur? Líkast til er svarið einfaldlega í fyrsta lagi að forsendur ráðningarinnar virðast ekki vera í samræmi við það sem kjósendur voru að kalla eftir. Þar er nærtækast að horfa til kjósenda Bjartrar framtíðar sem virðast hafa talsvert aðra hugmynd um flokkinn, stefnumál hans og starfshætti en raun hefur enn orðið á. Og í öðru lagi að ríkisstjórnin virðist ekki vera að vinna að þeim verkum sem hún var ráðin til eins og til að mynda kröfu kjósenda um uppbyggingu á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar.

Einnig eykur enn á vandræðagang nýrrar ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar að hún hefur starfsferilinn með drauga í farangrinum. Nú hefur nefnilega komið á daginn að bæði skýrsla um hina margfrægu leiðréttingu var sett á ís vel fram yfir kosningar rétt eins og skýrsla um aflandseignir Íslendinga og tap þjóðarinnar af þeim. Engar haldbærar skýringar hafa verið gefnar á þessum töfum og því erfitt annað en að horfa til þess að Bjarni Benediktsson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, hafi síður viljað fá málin til umfjöllunar í aðdraganda kosninga. Slíkt getur auðvitað ekki talist eðlilegir starfshættir í samfélagi þar sem kjósendur treysta á upplýsingar ákvörðunum sínum til grundvallar.

Báðar eru þessar skýrslur því draugar sem samstarfsflokkarnir virðast hafa ákveðið að sætta sig við. Slíkt getur ekki verið kjósendum Viðreisnar og Bjartrar framtíðar til ánægju, enda lögðu báðir þessir flokkar mikið upp úr því í aðdraganda kosninga að brýn þörf væri á breyttum og bættum vinnubrögðum í íslenskum stjórnmálum. Að starfa í sátt við slíkan feluleik og sérhagsmunagæslu er auðvitað í hrópandi ósamræmi við slíkar yfirlýsingar og lofar ekki góðu.

Ríkisstjórnin er enn aðeins á sínum fyrstu starfsdögum og hún hefur því tækifæri til þess að snúa þessari þróun við og öðlast traust kjósenda. Það er nefnilega mikilvægt í lýðræðisríki að ríkisstjórnir starfi í sátt við kjósendur en ekki í óþökk þeirra og óánægju ef samfélagið á að ganga vel fyrir sig. En það þarf að gerast með því að fyrst og fremst ríkisstjórnin og meðlimir meirihlutans bæti vinnubrögð sín fremur en að þau kalli eftir slíku úr ranni stjórnarandstöðunnar vegna þess að þeirra er meirihlutavaldið og þar af leiðandi ábyrgðin. Ábyrgðin á því að endurreisa heilbrigðiskerfið eins og kallað var eftir. Ábyrgðin á því að bæta húsnæðiskerfið. Ábyrgðin á því að bæta samfélagið efnahagslega og félagslega og þannig mætti lengi telja. Og síðast en ekki síst ábyrgðin á því að byggja hér upp opið, upplýst og sanngjarnt samfélag.

**En að starfa í sátt við slíkan feluleik og sérhagsmunagæslu er auðvitað í hrópandi ósamræmi við slíkar yfirlýsingar og lofar ekki góðu.**

## Halldór





## Frá degi til dags

**Þingflokkurinn hverfandi**
Hinn þrjátíu og tveggja þingmanna meirihluti á þingi hefur sett sitt fólk í formannsstöður allra átta fastanefnda þingsins. Sex formenn eru úr Sjálfstæðisflokki en Viðreisn og Björt framtíð hafa einn formann hvor. Má segja að þingflokkur Bjartrar framtíðar þurrkist út. Fjögurra manna þingflokkur skiptist þannig að tveir eru ráðherrar, sá þriðji formaður velferðarnefndar, með allri þeirri vinnu sem því fylgir. Þá er aðeins einn eftir, sem er formaður hins meinta þingflokks. Sá þingmaður er jafnframt formaður bæjarráðs Kópavogs. Þingflokksfundirnir verða því líkast til hnitmiðaðir.

**Víglínur í stað lausna**
Jón Gunnarsson samgönguráðherra hefur á stuttum embættistíma gert skoðun sína á veru flugvallar í Vatnsmýri skýra. Þrátt fyrir fögur fyrirheit um lausnamiðaða nálgun í stjórnarsáttmála er engan bilbug að finna á Jóni. Talar hann um víglínu í þeim efnum. Einn forsvarsmaður „hjartans í Vatnsmýri“ er nú kominn á þing og var fljótur að taka málið upp í síðustu viku og hamraði á mikilvægi sjúkraflugs. Greinilegt er að hart verður tekist á innan stjórnarmeirihlutans um málið. Á meðan hverfist umræða um íslenskt heilbrigðiskerfi um nokkur hundruð metra af malbiki í miðbæ Reykjavíkur.

sveinn@frettabladid.is

# Hvert viljum við stefna?



Birna Þorsteinsdóttir
bóndi og stjórnarkona í Auðhumlu svf.

Frá 1990 hefur kúabúum fækkað um eitt þúsund, bara á síðasta ári hættu 40 kúabændur störfum hér á landi og er það í takt við þróun greinarinnar síðustu áratugi. Virk kúabú eru nú 596, en þessi þróun eða öðru nafni hagræðing er vegna tæknibyltingar og ytri krafna um stöðugt hagstæðara verð á mjólkurvörum. En er staðan betri en hún var? Hefur tilganginum verið náð? Hvert viljum við stefna?

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi í mjólkurframleiðslu á umliðnum árum. Bændur hafa með markvissum hætti hagrætt með samstarfi og samvinnu. Framleiðslustöðvum fyrir mjólk hefur verið fækkað úr 19 í 5 og þær verið sérhæfðar, allt til að ná niður kostnaði. Það er óumdeilt að neytendur hafa notið meginpartsins af þessum aðgerðum eða 2/3 af hagræðingunni, meðan bændur hafa fengið 1/3.

Meðalmjólkurkýrin framleiðir 60% meira en fyrir þrjátíu árum. Meðalkúabú á Íslandi framleiðir um 250 þúsund lítra af mjólk á ári, það hefði þótt risabú fyrir 30 árum. Starfsfólki við mjólkurvinnslu hefur fækkað um rúm 30% á sama tíma, en hefur aldrei áður unnið úr meiri mjólk en gert var á síðasta ári. Það hefur orðið ótrúleg framleiðniaukning bæði á meðal mjólkurframleiðenda og í afurðavinnslum þeirra.

Bændur eru tilbúnir í samtal um sitt starfsumhverfi hvar og hvenær sem er, þeir vilja vinna í sátt við samfélagið og umhverfið. Mjólkurframleiðslu á Íslandi er sniðinn ákveðinn rammi sem er að mörgu leyti sérstakur en með honum var lagt í ákveðna vegferð sem hefur í meginatriðum gengið eftir eins og til var ætlast, hagræðingu var náð og neytendur njóta hennar.

En viljum við fara í róttækar breytingar án þess að vita hver endanleg niðurstaða verður? Landbúnaður á Íslandi er hluti af okkar þjóðarvitund og samofinn okkar menningu – hann er hluti af stærri heild. Hvernig samfélagi viljum við stefna að? Hvað viljum við sjá í sveitum landsins og hvernig viljum við byggja landið? Að kollvarpa núverandi fyrirkomulagi gæti kostað okkur meira en virðist við fyrstu sýn.

**Hvernig samfélagi viljum við stefna að? Hvað viljum við sjá í sveitum landsins og hvernig viljum við byggja landið?**





FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fann sig vel á Ocean vellinum á Bahamaeyjum þar sem Pure Silk Bahama Classic-mótið fór fram. Þetta var hennar fyrsta mót á LPGA-mótaröðinni í golfi. LJÓSMYND/GOLF.IS/SETH

# Geggjað að vera undir pari þrjá af fjórum

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir þreytti frumraun sína á LPGA-mótaröðinni í golfi á Bahamaeyjum. Ólafía lék samtals á fimm höggum undir pari. Hún átti erfitt uppdráttar á laugardaginn en náði sér á strik í gær.**



Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@365.is

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lauk keppni á Pure Silk Bahama Classic mótinu á Bahamaeyjum í gærkvöldi. Þetta var frumraun hennar á stærsta sviðinu, LPGA mótaröðinni, þeirri sterkustu í heimi.

„Ég er mjög sátt. Það var geggjað að ná niðurskurði og vera undir pari á þremur dögum af fjórum,“ sagði Ólafía í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Ólafía lauk keppni á fimm höggum undir pari og endaði í 69.-72. sæti af 108 keppendum. Ólafía lék frábært golf fyrstu tvo keppnisdagana og var samtals á sjö höggum undir pari eftir þá. Dagur tvö var sérstaklega góður hjá Ólafíu en þar tapaði hún ekki höggi, lék á fimm höggum undir pari og komst auðveldlega í gegnum niðurskurðinn.

En fór frammistaðan fram úr hennar björtustu vonum?

### Hugsar væntingalaust

„Ég myndi ekki segja það. Ég hugsa væntingalaust, þannig stend ég mig best. Ég trúi að ég geti spilað mjög vel en hugsa ekki mikið um það,“ sagði Ólafía.

Henni tókst ekki jafn vel upp á þriðja deginum. Þar fékk Ólafía fimm skolla, aðeins einn fugl og tók tvisvar sinnum víti á hringnum. Hún lék þriðja hringinn á samtals fjórum höggum yfir pari.

### Leið skringilega

Ólafía segir að henni hafi liðið undarlega á laugardaginn og hreinlega ekki verið með sjálfri sér.

„Dagar eitt, tvö og fjögur voru mjög svipaðir. Það fóru bara fleiri pútt ofan í annan daginn. Þriðji dagurinn var „off-dagur“. Mér leið skringilega og gat ekki einbeitt mér. Mér leið eins og einhverri allt annarri,“ sagði Ólafía sem útilokar ekki að þreyta hafi gert vart við sig.

> **Þetta gefur mér meira sjálfstraust og meiri reynslu. Ég held áfram að reyna að bæta mig.**
>
> Ólafía Þórunn Kristinsdóttir



Hún fór í stóra kjálkaaðgerð fyrir jól en það getur tekið nokkrar vikur að jafna sig á henni.

„Það gæti verið. Ég var svolítið þreytt. En ég var aðeins frískari í dag og náði að hvílast vel. Ég fór líka til sjúkraþjálfara og fékk nudd,“ sagði Ólafía sem náði sér mun betur á strik í gær. Þar fékk hún fjóra fugla og lék alls á tveimur höggum undir pari.

### Vinkonan hjálpaði til

Mótið á Bahamaeyjum er það stærsta á ferli Ólafíu. Þrátt fyrir það segist hún ekki hafa fundið fyrir stressi úti á vellinum. Það hafi líka hjálpað að vera með vinkonu sinni í ráshóp fyrstu tvo dagana.

„Þetta var ótrúlega gaman og ekkert stress. Ég var heppin að vera með Cheyenne Woods í ráshóp, það hjálpaði mér mikið að vera afslöppuð. Það var mjög gaman hjá okkur,“ sagði Ólafía en þær Woods voru saman í Wake Forest-háskólanum í Norður-Karólínu.

### Ástralía næst á dagskrá

Ólafía segir að frammistaðan á mótinu á Bahamaeyjum gefi henni byr undir báða vængi fyrir framhaldið.

„Þetta gefur mér meira sjálfstraust og meiri reynslu. Ég held áfram að reyna að bæta mig,“ sagði Ólafía sem ætlar að slappa af á Bahamaeyjum í dag. Síðan tekur við undirbúningur fyrir næsta mót sem fer fram í Adelaide í Ástralíu 16.-19. febrúar.

„Ég tek einn aukadag hér og fer svo til Orlando í fimm daga. Ég kem svo til Íslands og nokkrum dögum síðar fer ég til Ástralíu,“ sagði Ólafía sem býst við að undirbúningurinn fyrir mótið í Ástralíu verði svipaður og fyrir mótið um helgina.

„Mesta áherslan er á stutta spilið og gæði í slættinum. Ég held að ég sé á réttri leið með æfingarnar.“

**18**

**metra munur á högglengd Ólafíu Þórunnar á öðrum og þriðja degi mótsins.**

## Enska bikarkeppnin

**Úrslit 32-liða úrslita 2016-17**

**Liverpool - Wolves 1-2**
0-1 Richard Stearman (1.), 0-2 Andreas Weimann (41.), 1-2 Divock Origi (86.).

**Tottenham - Wycombe 4-3**
0-1 Paul Hayes (23.), 0-2 Hayes, víti (36.), 1-2 Son Heung-Min (60.), 2-2 Vincent Janssen, víti (64.), 2-3 Garry Thompson (83.), 3-3 Dele Alli (89.), 4-3 Son (90+7.).

**Oxford - Newcastle 3-0**
1-0 Kane Hemmings (46.), 2-0 Curtis Nelson (79.), 3-0 Toni Martinez (87.).

**Lincoln - Brighton 3-1**
0-1 Richard Towell (24.), 1-1 Alan Power, víti (57.), 2-1 Fikayo Tomori, sjm. (62.), 3-1 Theo Robinson (85.).

**Chelsea - Brentford 4-0**
1-0 Willian (14.), 2-0 Pedro Rodriguez (21.), 3-0 Branislav Ivanovic (69.), 4-0 Michy Batshuayi, víti (81.).

**Rochdale - Huddersfield 0-4**
0-1 Collin Quaner (42.), 0-2 Isiah Brown, víti (66.), 0-3 Michael Hefele (72.), 4-0 Hefele (84.).

**Burnley - Bristol 2-0**
1-0 Sam Vokes (45.), 2-0 Steven Defour (68.).

**Blackburn - Blackpool 2-0**
1-0 Sam Gallagher (9.), 2-0 Elliott Bennett (22.).

**Boro - Accrington St. 1-0**
1-0 Stewart Downing (69.).

**C. Palace - Man. City 0-3**
0-1 Raheem Sterling (43.), 0-2 Leroy Sané (71.), 0-3 Yaya Touré (90+3.).

**S'ton - Arsenal 0-5**
0-1 Danny Welbeck (15.), 0-2 Welbeck (22.), 0-3 Theo Walcott (35.), 0-4 Walcott (69.), 0-5 Walcott (84.).

**Millwall - Watford 1-0**
1-0 Steve Morison (85.).

**Fulham - Hull 4-1**
1-0 Sone Aluko (17.), 1-1 Evandro (49.), 2-1 Chris Martin (54.), 3-1 Ryan Sessegnon (66.), 4-1 Stefan Johansen (78.).

**Sutton - Leeds 1-0**
1-0 Jamie Collins, víti (53.).

**Man. Utd - Wigan 4-0**
1-0 Maraoune Fellaini (44.), 2-0 Chris Smalling (57.), 3-0 Henrikh Mkhitaryan (74.), 4-0 Bastian Schweinsteiger (81.).

DREGIÐ Í BIKARNUM Í KVÖLD
Dregið verður í 5. umferð ensku bikarkeppninnar í kvöld. Aðeins þarf að endurtaka einn leik úr 4. umferðinni, á milli Derby County og Leicester City. Sjö úrvalsdeildarlið eru í pottinum auk þess sem Leicester getur bæst í þann hóp. Þá eru tvö utandeildarlið í pottinum, Lincoln City og Sutton United. Leikirnir í 5. umferðinni fara fram 17.-20. febrúar næstkomandi.

## Okkar menn

**Íslendingar í bikarkeppninni í Englandi um helgina**


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Var í byrjunarliðinu þegar Burnley vann Bristol City. Lagði upp seinna mark Burnley fyrir Steven Defour.


Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Lék síðustu 19 mínúturnar í frábærum sigri Wolves á Liverpool. Átti kröftuga innkomu.


Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Var ekki í leikmannahópi Fulham sem rúllaði yfir úrvalsdeildarlið Hull City.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Kom ekkert við sögu þegar Bristol City laut í lægra haldi fyrir úrvalsdeildarliði Burnley.



Jón Daði Böðvarsson stýrði víkingaklappinu fræga eftir frækinn sigur Wolves á Liverpool í ensku bikarkeppninni um helgina. Jón Daði spilaði síðustu 19 mínútur leiksins, lét vel

# Víkingaklappið boðar bara vand

**Aðra helgina í röð hljómaði víkingaklappið á Anfield eftir ósigur heimaliðsins fyrir Íslendingaliði. Jón Daði Böðv pool og var mjög óheppinn að skora ekki. Hjólin hafa losnað undan Liverpool-vagninum í janúar en liðið er án si**

**FÓTBOLTI** Fastlega má reikna með að stuðningsmenn Liverpool vilji aldrei heyra víkingaklappið fræga aftur eftir tvo ósigra í röð fyrir Íslendingaliðum. Stuðningsmenn Wolves fetuðu í fótspor stuðningsmanna Swansea og fögnuðu vel og innilega í leikslok undir styrkri stjórn Jóns Daða Böðvarssonar eftir frækinn sigur liðsins á Liverpool í fjórðu umferð FA-bikarsins um helgina.

Líkt og gegn Swansea bjuggust fáir við ósigri Liverpool um helgina en heimaliðið átti fá svör við öguðu og gríðarlega vel skipulögðu liði gestanna. Paul Lambert, stjóri Wolves, stýrði liði sínu af mikilli festu og átti keppinautur hans, Jürgen Klopp, fá svör við varnarleik Wolves. Það tók Liverpool um klukkustund að hitta rammann og fyrir utan uppbótarmark Divock Origi undir lok leiksins átti Liverpool engin teljandi færi.

**Öflug innkoma Jóns Daða**
Það voru liðnar 70 mínútur þegar Jón Daði fékk að spreyta sig. Hann fór beint í fremstu víglínu og fékk það hlutverk að létta á þrýstingnum sem lá á vörn Wolves undir lok leiksins. Óhætt er að segja að Jón Daði hafi unnið fyrir kaupi sínu en varnarmenn Liverpool fengu enga hvíld með Selfyssinginn á hælum sér.

Litlu munaði að Jón Daði fetaði í fótspor Gylfa Sigurðssonar og kláraði leikinn fyrir gestina á Anfield en hann fékk tvö góð færi til að skora þriðja mark Wolves. Það síðara bjó hann til upp úr þurru með ekkert nema áræðið að vopni. Djöfladist hann inn í teiginn án aðstoðar frá liðsfélögum sínum og aðeins löppin á Lucas Leiva kom í veg fyrir að Jón Daði ætti minningu sem hefði enst honum út ævina.

**Vinsæll þrátt fyrir markaþurrð**
Það er augljóst að Jón Daði, eða Bod líkt og stuðningsmenn Wolves kalla hann, er mjög vinsæll meðal þeirra. Um sex þúsund stuðningsmenn gestanna yfirgnæfðu Anfield með söngvum um Jón Daða er hann kom inn á og í hvert skipti sem hann létti á þungri pressu heimamanna með því að halda boltanum í fremstu víglínu fékk hið fræga „húh“ að hljóma.

Mörkin hafa þó látið á sér standa í vetur eftir frábæra byrjun hjá Jóni Daða sem skoraði tvö mörk í ágúst. Síðan hefur Jón Daði tekið þátt í 25 leikjum án þess að skora mark. Framherjar sem ekki skora mörk eiga sjaldnast upp á pallborðið hjá stuðningsmönnum en það andstæða virðist eiga við um Jón Daða og stuðningsmenn Wolves.

Ástæðan er einföld líkt og stuðningsmenn íslenska landsliðsins þekkja enda gefur Jón Daði allt sitt inn á vellinum. Það er eitthvað sem stuðningsmenn elska, sérstaklega þeir ensku, og það er hægt að fyrirgefa framherjum ýmislegt ef þeir vinna fyrir liðið sitt á öðrum vígstöðvum, líkt og Jón Daði gerir svo vel.

„Sýndi nákvæmlega hvernig á að leiða framlínuna og átti skilið að skora. Ef hann væri markamaskína spilaði hann hvern einasta leik en í augnablikinu er hann samt besti kosturinn í framlínunni,“ skrifaði einn stuðningsmanna Wolves um Jón Daða á spjallborði þeirra eftir sigurinn á Anfield.

**Ráða ekki við leikjaálagið**
Tapið fyrir Wolves kórónaði afleitan janúar hjá Liverpool sem hefur aðeins unnið einn leik af átta, gegn Plymouth í þriðju umferð FA-bikarsins. Ólíkt undanförnum mánuðum hefur Liverpool mátt þola það að spila leiki á 3-5 daga fresti allan janúar.

## Rómantíkin lifir

Utandeildarliðin Lincoln City og Sutton er á allra vörum eftir að slegið Championship-liðin Brighton og Leeds út úr ensku bikarkeppninni um helgina.

Lincoln leiðir efstu deild utandeildarinnar en Sutton er í 16. sæti sömu deildar. Á milli Lincoln og Brighton eru 72 sæti en 83 sæti skilja að Sutton og Leeds.

Saga Lincoln er afar fátækleg og féll félagið nýverið í utandeildina eftir langa veru í kjallara ensku deildakeppninnar. Félagið á það vafasama met að vera það lið sem lengst hefur verið í ensku deildakeppninni án þess að komast upp í efstu deild. Þjálfari liðsins er hinn 38 ára gamli Danny Cowley en þangað til í sumar starfaði hann sem íþróttakennari samhliða stjórastarfinu. Hann trúði vart sínum eigin augum eftir leikinn.



„Ég sagði fyrir leikinn gegn Ipswich að það væri eins og að klífa fjall,“ sagði Cowley fyrir leikinn. „Að sigra Brighton jafngildir því að fljúga til tunglsins.“

Cowley er kannski ekki á leiðinni til tunglsins en hann getur látið sig dreyma um að mæta stóru strákunum í úrvalsdeildinni í næstu umferð, líkt og kollegi hans hjá Sutton. Rómantík bikarsins lifir.



Fyrstu fuglar Sigurjóns, vaðfuglar voru kynntir á HönnunarMars 2013. Danska hönnunarfyrirtækið Normann Copenhagen framleiðir þá.



Lundinn er framleiddur í samstarfi við Epal. Normann Copenhagen missti af lestinni.

# HÆNUR BÆTAST Í FÁNU SIGURJÓNS

Fuglar eru í aðalhlutverki á teikniborði Sigurjóns Pálssonar. Vaðfuglar Sigurjóns frá árinu 2013 eru framleiddir undir merkjum Normann Copenhagen en nýjustu fuglana vinnur hann með Epal. Hænur komu nú síðast á markaðinn.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Sigurjón Pálsson innanhússarkitekt hefur sent frá sér nýja vöru, hænu úr tré. Hænurnar eru þriðja varan í röð tréfugla eftir Sigurjón en hann kynnti línu vaðfugla á HönnunarMars árið 2013, þar á eftir bættist lundi við safnið og nú hænurnar. Vaðfuglarnir eru framleiddir af danska hönnunarfyrirtækinu Normann Copenhagen lundann og hænurnar vinnur Sigurjón í samvinnu við Epal. Auk fuglanna hefur Sigurjón hannað hval sem gerður er úr stáli og seldur í Epal.

„Poul Madsen, framkvæmdastjóri Normann Copenhagen, taldi að lundinn væri of staðbundin vara og óskaði ekki eftir honum í framleiðslu. Ég fór þá í samstarf við Epal og lundinn kom á markað fyrir rúmu ári. Poul hafði reyndar samband aftur í vetur og óskaði þá eftir lundanum en þá var það bara orðið of seint. Ég held að það hafi ekki margir hönnuðir neitað Normann Copenhagen um vöru,“ segir Sigurjón sposkur.



Sigurjón Pálsson, húsgagnaarkitekt og rithöfundur, hefur bætt hænum við línu sína af tréfuglum. Hænurnar vinnur hann í samstarfi við Epal. MYND/EYÞÓR



Hænurnar eru renndar úr tré og standa á stuttum fótum.

Normann Copenhagen hefur ekki viljað fá hænurnar í framleiðslu hjá sér? „Ég glotti nú þegar Poul skoðaði hænurnar og spurði hvort hann ætlaði að missa af þeim líka,“ segir Sigurjón en bætir við að sambandið við Epal sé farsælt.

„Það varð að samkomulagi milli mín og Epal að ég ynni að minjagripatengdri hönnunarvöru, til að bæta ímynd lundans og íslenskra minjagripa en það vantar vandaðar vörur þar inn,“ segir Sigurjón og bendir á að erfitt sé að fjöldaframleiða hluti hér innanlands.

„Það er ekki mikið hægt að fjöldaframleiða hér á landi og við sjáum það á minjagripum. Það er að mestu leyti handverksfólk sem heldur uppi heiðri íslenskra minjagripa, tálgar til dæmis fugla og gerir það mjög vel en það hefur ekki verið grundvöllur fyrir fjöldaframleiðslu. Ég fékk til dæmis tilboð í lundann hér heima en þá hefði hann þurft að kosta yfir tuttugu þúsund út úr búð. Hænurnar eru framleiddar erlendis og renndar líkt og vaðfuglarnir og lundinn.“

Sigurjón er einnig rithöfundur og hlaut meðal annars Blóðdropann fyrir bók sína Klæki árið 2012. Hann segir lítinn tíma gefast til ritstarfa þar sem hönnunin taki allan hans tíma.

„Einhvers staðar á ég hálfnaða sögu og fléttu sem ég held að sé jafnvel besta fléttan mín til þessa. Við verðum bara að sjá til hvort hef tíma til að klára hana og finn útgefanda. Maður sinnir bara því sem best gengur hverju sinni og nú er það hönnunin sem á hug minn og tíma allan.“



# EINFALDARA ER ALLTAF BETRA

Allt of margir kvarta undan tímaleysi og streitu, því að hafa aldrei tíma til að vera með ástvinum eða sinna sjálfum sér. Hér eru nokkur ráð til að minnka álagið og njóta lífsins betur.

Hugsaðu um hvort það er eitthvað sem tekur allt of mikinn tíma og peninga. Er bíllinn kannski alltaf á verkstæði? Ertu í áskrift að líkamsræktarstöð en ferð aldrei og ert alltaf að drepast úr samviskubiti? Losaðu þig við alla slíka streituvalda.

Taktu eftir því sem fyllir þig kvíða.? Geturðu komið þér úr aðstæðum sem valda þessari líðan? Er kannski málið að klára þau verkefni strax sem láta þér líða svona?

Hættu með eitruðu fólki. Rannsóknir sýna að tíu prósent af þeim sem við umgöngumst eru ábyrgir fyrir níutíu prósentum af ósætti, ójafnvægi og vanlíðan í lífi okkar. Finndu út hvaða fólk þetta er í þínu lífi og hættu að svara þegar það hringir!

Einfaldaðu starfið þitt. Hver eru mikilvægustu verkefnin og hvernig ætlarðu að sinna þeim? Þegar þú ert komin með þetta á hreint verður allt einfaldara og álagið mun minna en ef þú þarft að finna upp hjólið á hverjum degi.

Veldu að fjárfesta í fötum sem eru vönduð og passa vel saman. Þá geturðu dregið úr morgunstreitunni yfir því í hverju þú átt að vera.

Minnkaðu áreitið í símanum þínum. Þú þarft ekki nauðsynlega að vita þegar allir vinir þínir setja inn mynd á Instagram eða segja eitthvað á Facebook.

Kláraðu verkefni. Og bækur. Og sjónvarpsþáttaraðir. Það tekur allt of mikla orku að vera með marga bolta á lofti í einu.

Æfðu þig í að segja: „Þetta snertir mig ekki.“ Þú þarft ekki að hafa skoðun á öllu.

Minnkaðu draslið í kringum þig. Gefðu það sem er nothæft og hentu hinu. Þú ert ekki ruslafata og heimilið þitt ekki risastór geymsla fyrir drasl.

Fjárfestu í reynslu frekar en hlutum og ekki farast úr áhyggjum yfir því að þú þurfir að eiga myndir af öllu sem þú gerir svo þú munir örugglega eftir því. Leyfðu þér bara að slaka á og njóta.



**Þú þarft ekki að vita hvað Alli frændi ætlar að hafa í matinn eða að einhver sem var einu sinni með þér á dansnámskeiði var að setja inn mynd á Instagram. Fækkaðu tilkynningunum í símann!**



# MATARMIKILL MÁNUDAGSMATUR

Mexíkósk kjúklingasúpa er löngu orðinn klassískur matur hér á landi. Þessi er hins vegar hægelduð og sérstaklega ljúffeng.

Á mánudagskvöldi er gott að gæða sér á heitri súpu. Og enn betra þegar henni fylgja ljúffengar heimabakaðar brauðstangir. Þessi veglega og hressilega súpa er innblásin af mexíkóskri matarhefð en hana er einfalt að gera þó að hún taki tímann sinn því best er hún hægelduð. Gott er að dýfa brauðstöngunum í súpuna en einnig má nota þær sem forrétt og hafa þá hummus, guacamole eða aðrar góðar ídýfur með.

## HÆGELDUÐ KJÚKLINGASÚPA

**500 g skinnlaus kjúklingalæri með beini**
**1 lítill laukur, saxaður**
**½ rauð paprika, söxuð**
**1 hvítlauksgeiri, saxaður**
**60 ml kjúklingasoð**
**1 dós (um 430 ml) niðurskornir tómatar, safanum hellt af**
**1 dós (um 250 ml) tómatsósa**
**100 g grænn chili-pipar**
**1 tsk. chili-duft**
**1 tsk. oreganó**
**¾ tsk. malað kúmen**
**Salt**
**Pipar**
**2 grasker, skorin í tvennt og í sneiðar**
**1 tsk. ferskur límónusafi**
**2½ tsk. saxaður kóríander, meira til skrauts**

Setjið kjúkling, lauk, papriku, hvítlauk, kjúklingasoð, niðurskorna tómata, tómatsósu, chiliduft, oreganó og kúmen í stóran pott og kryddið með salti og pipar.

Hægeldið í lokuðum pottinum á mjög lágum hita í nokkra klukkutíma.

Þegar kjúklingurinn er orðinn nokkuð meyr og eldaður í gegn bætið þá graskerinu við og haldið áfram að láta allt malla í lokuðum potti í um þrjátíu mínútur í viðbót. Takið þá kjúklinginn af beinunum og rífið kjötið, setjið það svo aftur í pottinn. Hrærið límónusafanum og kóríander saman við.

Berið fram með jalapeño, sýrðum rjóma og tortillaflögum.

**Brauðstangir**

**450 g hveiti**
**7 g poki instant þurrger**
**1½ tsk. salt**
**250-275 ml. heitt vatn**
**2 tsk. extra virgin ólífuolía**
**2 tsk. salt**
**2 tsk. svartur pipar**



Stráið hveiti á tvær ofnskúffur. Blandið saman hveiti, geri og salti í stóra skál og hellið nógu miklu vatni saman við til þess að hægt sé að búa til mjúkt og óklístrað deig.

Hnoðið vel í höndunum í tíu mínútur eða í fimm mínútur í hrærivél. Skiptið deiginu í tólf jafnstóra hluta. Rúllið hlutunum í bolta og svo út í jafnar lengjur. Einnig er hægt að gera fléttur úr deiginu en þá er hver lengja skorin í tvennt eftir miðjunni og minni lengjurnar tvær snúnar saman.

Leggið brauðlengjurnar með jöfnu millibili í ofnskúffurnar og setjið plastfilmu þétt yfir skúffurnar. Geymið þær á hlýjum stað í hálftíma eða þangað til brauðstangirnar hafa nánast tvöfaldast að stærð.

Hitið ofninn í 200°C.

Fjarlægið plastfilmuna og penslið hverja brauðstöng með ólífuolíunni. Stráið salti yfir helming brauðstanganna og pipar yfir hinn helminginn. Bakið í efri hluta ofnsins í um tuttugu mínútur eða þar til stangirnar eru gullinbrúnar og þéttar viðkomu.

Takið brauðstangirnar úr ofninum og leyfið þeim að kólna. Berið svo fram og njótið.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# Allt fyrir heimilið

30. janúar 2017
**KYNNINGARBLAÐ**



MYND/HAFDÍS HILMARSDÓTTIR

# Bjart og létt yfir heimilinu

Heimili **Hafdísar Hilmarsdóttur** í Danmörku er afar fallegt og þar á hver hlutur sinn stað. Mávastellið frá ömmu er í sérstöku uppáhaldi hjá henni og nýjustu kaupin á heimilið er hvít, hljóðlát ryksuga.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Hafdís Hilmarsdóttir nýtur þess í botn þegar hún fær heimsóknir frá Íslandi því henni finnst gaman að hafa gesti hjá sér en hún býr langt frá fjölskyldu og vinum í Horsens í Danmörku ásamt eiginmanni og tveimur börnum. Hafdís heldur úti heimilisblogginu Hvítir mávar en sjálf á hún fallegt heimili eins og sjá má af þessum myndum.

**Áttu einhvern uppáhaldshlut?**
Já uppáhaldshlutirnir mínir eru mávastellið mitt, safnið stækkar hægt og rólega. Meirihlutinn af stellinu kemur frá Laugu ömmu minni sem er mesti fagurkeri sem ég þekki. Ég hef svo keypt örfáa hluti í safnið á antíkmörkuðum hér í Danmörku.

**Hugsar þú mikið um hönnun heimilisins?** Já, heimilið er í stöðugri þróun mætti segja, það er mikilvægt að finna jafnvægið á milli þess að hafa hlutina praktíska og fallega.

**Hvernig stíl ertu hrifnust af?** Ég hrífst mest af skandinavískum stíl, ég vil hafa bjart og létt yfir heimilinu.

**Ertu mikið fyrir að breyta?** Já, ég geri mjög mikið af því en aðallega er ég að færa til smáhluti frekar en húsgögn.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn í húsinu?** Stofusófinn, en þar höfum við fjölskyldan það oft notalegt saman og höfum til dæmis alltaf pitsu- og vídeókvöld í sófanum á föstudögum.

**Hvernig skreytir þú heimilið þitt?** Ég skreyti mikið með grænum plöntum, gærum, gömlum hlutum sem ég finn á nytjamörkuðum og persónulegum myndum.



Hafdís gerir mikið af því að breyta til á heimilinu en þá er hún aðallega í því að færa til smáhluti frekar en húsgögn.

**Síðustu kaupin?** Ég er nýbúin að festa kaup á afskaplega fallegri hvítri ryksugu sem heyrist varla í, ég er afskaplega lukkuleg með kaupin.

**Hvaða hlut langar þig helst í?**
Mig langar í stóra og fallega ljósa mottu undir stofuborðið, það verða vonandi næstu kaup.

**Stendur þú í einhverjum framkvæmdum á heimilinu?** Við fluttum í húsið okkar fyrir um sex mánuðum og eigum enn þá eftir að gera ýmislegt. Á döfinni er að mála og útbúa herbergi fyrir sex mánaða son okkar.

**Hvernig hefur þú það huggulegt heima?** Kveiki á kertum og slaka á yfir góðri mynd.

**Ertu hrifin af einhverjum ákveðnum hönnuðum?** Ég spái ekki svo mikið í hönnuði, ég er vön að kaupa mér bara það sem mér finnst fallegt algjörlega óháð merki og hönnun. En ég er samt afskaplega hrifin af dönsku merkjunum HAY og Royal Copenhagen.



Stofan er björt og stílhrein. MYNDIR/HAFDÍS HILMARSDÓTTIR



Hafdís er vön að kaupa sér bara það sem henni finnst fallegt, óháð merki og hönnun.



Mávastellið er eftirlæti Hafdísar.



Hafdís hefur gott auga fyrir fallegum hlutum.



Hafdís skreytir mikið með grænum plöntum, gærum, persónulegum myndum og gömlum hlutum sem hún finnur á nytjamörkuðum.



Heimili Hafdísar er stílhreint og setja fallegir smáhlutir sinn svip á það.




ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Ólafur H. Hákonarson| olafurh@365.is | s. 512-5433
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson



Endalausir möguleikar
2.900,-/stk
Nýtt EKET skápar
B35×D35, H35cm
2.400,-/stk
Nýtt EKET skápar
B35×D25, H35cm
2.150,-
DUDERÖ gólflampi
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2017

# Dreymir um stell Ingegerd Råman

Guðbjörg Káradóttir, keramiker og hönnuður Postulínu, er mikil smekkmanneskja. Nokkrir hlutir eru í sérstöku uppáhaldi hjá henni og einhverja á hún heima en aðrir eru enn á óskalistanum. Stjaki frá HAF stúdío sem hún eignaðist um jólin mun ekki fara ofan í skúffu í bráð.



**1** Stjaki eftir hjónin Hafstein Júlíusson og Karitas Sveinsdóttur. „Ég þennan stjaka heima og hann er í algjöru uppáhaldi. Mér dettur ekki í hug að taka hann niður þótt jólin séu að baki. Hann verður uppi hjá mér allan ársins hring.“ Stjakinn er úr stáli, pólýhúðaður og hægt að nota hann bæði undir sprittkerti og venjuleg.“

**2** Kría skart. „Ég held mikið upp á Jóhönnu Metúsalemsdóttur og skartgripamerkið hennar, Kríu. Ég fékk einmitt fallegt men eftir hana í jólagjöf.“

**3** Staflanlegt kaffistell eftir Ingegerd Råman. „Mér finnst hún stórkostlegur hönnuður. Ingegerd hefur verið að frá 1968 og er stórt nafn í hönnunarheiminum í Svíþjóð. Ég á ekkert eftir hana enn þá en mig langar mikið í kaffistell eftir hana , svart og hvítt með loki. Ég væri líka til í handrennda hluti eftir hana.“

**4** Loftljós eftir Sergei Mouille. „Hann gerir afar falleg ljós og ég er sérstaklega hrifin af þriggja arma loftljósi sem er eins og kónguló. Það væri ég til í að eiga.“

**5** Halo eftir Kjartan Óskarsson. „Ef ekki ljós eftir Sergei þá væri ég líka mjög til í að eignast ljós eftir Kjartan.“
















# Ramminn þarf að vera einfaldur

Egill Arnar Birgisson, framkvæmdastjóri hjá Birgisson, er nýkominn af gólfefnasýningu þar sem gráir tónar voru allsráðandi. Hann segir að Íslendingar velji sér oftast gólfefni eftir eigin smekk og stíl þrátt fyrir að tískustrauma gæti vissulega þar eins og annars staðar.

Birgisson er fjölskyldufyrirtæki sem byggir á rúmlega þrjátíu ára gömlum grunni og er nú í flokki framúrskarandi fyrirtækja að mati CreditInfo. Það eru feðgar sem reka fyrirtækið og þeir byggja sín viðskiptasambönd á mjög sterkum grunni og hafa verslað við sömu birgjana nánast frá stofnun fyrirtækisins.

Egill Arnar Birgisson framkvæmdastjóri er nýkominn heim af gólfefnasýningu erlendis. „Fókusinn þar er á gráan og hlýjan grábrúnan lit og svo er hvíttuð eik líka vinsæl. Harðparket eða „laminate“ eins og það heitir á ensku er mest tekið í dag enda stærðirnar fjölbreyttar og mikið úrval af litum. Harðparket er í grunninn endurunninn viður með tilbúinni filmu. Þetta er þó ótrúlega líkt alvöru viðargólfi og sterkara en venjulegt parket. Gamla góða parketið fer samt aldrei úr tísku.“

Hver er kosturinn við gráu litina? „Kosturinn er náttúrlega sá að þú býrð til ramma inni á heimilinu þínu og þú vilt að hann endist og standist tímans tönn þótt þú skiptir um húsgögn eða málir veggi. Ramminn þarf að vera einfaldur svo hægt sé að leika sér með liti og form í húsgögnum og húsmunum.“

Hurðir fást líka í þessum gráu litbrigðum en að sögn Egils eru hvítar hurðir vinsælastar hjá Birgisson. „Það er hægt að fá hurðirnar í ýmsum útgáfum og sem dæmi má nefna gereftislausar hurðir þar sem gereftin eru spörsluð inn í vegginn og hurðirnar eru þá í sama lit og veggirnir og falla inn í þá. Yfirfelldu hurðirnar eru þó mest teknar hjá okkur.“

Hann segir flísar fara stækkandi. „60x60 cm eru algengastar en svo eru til stærri flísar allt upp í 120x240 cm. Svo er verið að brjóta upp veggina með mynstruðum flísum eða í sterkari litum, það er allur gangur á því.“

Egill segir konur yfir 25 ára aldri vera markhóp fyrirtækisins. „Það eru yfirleitt konur sem taka ákvarðanir um þessa hluti. Þær eru þó ekki að velja það sama, yngri kynslóðin er kannski djarfari og þær eldri íhaldssamari, meira að taka klassíkina, venjulega ólitaða eik, sem er auðvitað ekkert verra.“

Hann segir að enginn einn stíll sé ráðandi í dag. „Stundum hefur verið hjarðhegðun í Íslendingum og allir að kaupa það sama en núna er fólk að velja meira eftir eigin stíl. Við erum svo heppnir að vera með vel þjálfað starfsfólk sem getur aðstoðað kúnnann og gefið ráðleggingar. Það höfum við kannski fram yfir stærri verslanir sem við erum í samkeppni við. Við erum með meira úrval á sama verði og gott og vel þjálfað starfsfólk sem getur veitt persónulega ráðgjöf.“

**Útsala stendur nú yfir í Birgisson en henni lýkur á miðvikudaginn.**



**Egill Arnar Birgisson, framkvæmdastjóri Birgisson ehf., segir flesta vilja hafa gólf í hlutlausum litum svo einfalt sé að breyta um stíl á heimilinu.**



**Hér má sjá sýnishorn af harðparketgólfefnum í gráum tónum sem eru vinsæl þessa dagana.**

# FASTEIGNIR.IS

5. tbl. Mánudagur 30. janúar 2017

vísir.is

FRÉTTABLAÐIÐ



**heimili** fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali | Brynjólfur Snorrason | Gunnlaugur A. Björnsson | Ásdís Írena Sigurðardóttir | Finndu okkur á Facebook

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** **530 6500**



***Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð***



**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**

**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**

**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**

**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**

**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
**893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**

**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is


# Einbýli með sjávarsýn

**Miklaborg hefur til sölu heillandi og hlýlegt 187,1 fm einbýli á Vesturgötu með sjávarútsýni.**



Húsið leynir sannarlega á sér.

Húsið er í grunninn steinbær frá 1882. Í því er aukaíbúð með sér inngangi. Í húsinu eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, bað, eldhús, sólstofa og aukaíbúð á neðri hæð. Eitt svefnherbergi, stofa og borðstofa á efri hæð. Eignarlóð.

Húsið stendur við vesturenda Vesturgötu með fallegu útsýni til sjávar. Því hefur verið smekklega við haldið í gömlum stíl sem hæfir húsinu vel. Viðarklæðning er víða á veggjum og loftum sem gefur hlýlegan blæ.

Komið er inn í rúmgóða forstofu og þaðan í parketlagt hol. Á hægri hönd er vinnuherbergi. Þar við hliðina er baðherbergi með aðstöðu fyrir þvottavél og opnanlegum glugga. Beint af augum er rúmgott svefnherbergi, þar við hliðina er veglegt hjónaherbergi.

Úr holi er einnig gengið inn í rúmgott eldhús sem jafnframt rýmir borðstofu. Úr eldhúsi er gengið út í 20 fm sólstofu mót suðvestri sem reist var árið 1978. Hún er flísalögð og með vínvið í loftinu sem gefur ævintýralegan blæ að sumri til. Fyrir utan sólstofu er lítill timburpallur og í garðinum er silfurreynitré sem heimildir herma að hafi verið gróðursett árið 1900.

Úr holi er gengið upp á efri hæð þar sem er falleg stofa og borðstofa. Inn af stofu er rúmgott barnaherbergi. Efri hæðin er nokkuð undir súð.

Gengið er inn í aukaíbúð inn um sérinngang frá götu. Hún er 51,9 fm. Í henni er lítil snyrting með sturtu, eldhús með nettri innréttingu og tengi fyrir þvottavél og rúmgóð og björt stofa/svefnherbergi. Einnig má ganga inn í aukaíbúð úr sólstofu.

Tvöfalt gler er í rúðum, en þær voru allar endurnýjaðar fyrir um 4 árum. Þak var yfirfarið fyrir tveimur árum og útveggir yfirfarnir og málaðir í fyrra. Húsið er upphaflega gamall steinbær og er framhlið þess úr höggnu grágrýti 50 cm þykku.

**Verð 79.900.000,00**

***Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsdóttir í s:773-6000 og thorunn@miklaborg.is***


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Sölkugata 8 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús þriðjudaginn 31. janúar frá kl. 17:00 til 17:30**

308,7 m2 parhús á tveimur hæðum með stórum bílskúr og aukaíbúð í kjallara undir bílskúr, innst í botnlanga við Sölkugötu 8 í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Fallegar innréttingar. Eignin skiptist í 232,3 m2 íbúð í parhúsi á tveimur hæðum, ásamt 38,7 m2 bílskúr og 37,7 m2 rými undir bílskúr, sem innréttað er sem íbúðarrými. **V. 79,9 m.**

### Vogatunga 72 - 270 Mosfellsbær





Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

Rúmlega fokhelt 160,4 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr, í byggingu, við Vogatungu 72 í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Gert ráð fyrir þremur svefnherbergjum. **V. 44,9 m.**

### Ástu-Sóllijugata 32 og 34 - 270 Mosfellsbær



Falleg 182 m2 raðhús á tveimur hæðum. Gott skipulag. Á jarðhæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og fataherbergi. Á efri hæðinni er bílskúr, forstofa, geymsla, eldhús og stofa. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga. **V.53,5 – 54,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

### Víðilundur 7 - 210 Gbær

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun



190,8 m2 einbýlishús með bílskúr. Eignin er skráð 190,8 m2, þar af íbúðarrými 144,6 m2 og bílskúr 46,2 m2. Eignin þarfnast viðhalds og viðgerða. **55,7 m.**

### Langholtsvegur 182 - 104 Rvk.

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun



48,6 m2 2ja herbergja kjallaraíbúð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, gang, forstofu, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign. **V. 24,5 m.**

### Vogatunga 62 og 68 - 270 Mos.

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun



Fokheld 130 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr. Skipulag er mjög gott. **V. 37,5 m.**

### Flugubakki 6 - 270 Mos.

Hringdu og bókaðu skoðun



Glæsilegt hesthús með kaffistofu á millilofti. Eignin er mikið endurnýjuð. **V. 12,9 m.**

### Snæland 3 - 108 Reykjavík

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun



92,5 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 27,1 m2 stúdíóíbúð í kjallara við Snæland 3 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú herbergi, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúð í kjallara skiptist í herbergi, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara. Fallegt útsýni. Eignin þarfnast viðhalds. **V. 54,9 m.**

### Ásakór 2 - 203 Kópavogur



96,0 m2, 3 herbergja íbúð á jarðhæð, ásamt bílstæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Gott skipulag og timburverönd. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu / borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 41,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

### Framnesvegur 26A - 101 Reykjavík



Fallegt 106,6 m2 raðhús á þremur hæðum. Hellulögð verönd fyrir framan húsið og bakgarður með geymsluskúr og gróðurhúsi. Falleg eign byggð árið 1922 á góðum stað þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. 1. hæð: Forstofa, stofa og eldhús. 2. hæð: Svefnherbergi, hol, geymsla og baðherbergi. Kjallari: Rúmgott herbergi, hol, geymsla og baðherbergi. **V. 48,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

### Gerplustræti 27, íbúð 201 - 270 Mosfellsbær



Rúmgóð og falleg 143,4 m2, 4-5 herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og þrjú svefnherbergi, hægt væri að bæta við fjórða herberginu en þá minnkar stofan. Sérgeymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. **V. 48,9 m**

Laus við kaupsamning

Hringdu og bókaðu skoðun

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

2015 Framúrskarandi fyrirtæki



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

**Höfum fjölda kaupenda að 2ja og 3ja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.**

**Skoðum og verðmetum samdægurs.**

**Hafðu samband.**

### *Vogatunga – Mosfellsbæ. Ný parhús.*



Nýtt 160,1 fm. staðsteypt parhús á einni hæð að meðtöldum innbyggðum bílskúr við Vogatungu 95 og 97 í Mosfellsbæ. Húsið, sem er í bygginga-ferli afhendist eftir samkomulagi og skilast fokhelt að innan en óeinangrað og fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð. Byggingaraðili er tilbúinn til að skila húsinu tilbúnu undir innréttingar að innan, fullbúnu að utan og með frágenginni lóð. Loft verða þó óklædd og gólf óflotuð. Allar byggingarteikningar afhendast samþykktar frá skipulagsnefnd Mosfells-bæjar til kaupanda.

### *Vesturgata.*



Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara.

Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihurðir. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið.

Frábær staðseting miðsvæðis í borginni.

**Verð 69,9 millj.**

### *Rituhólar – frábær útsýnisstaður.*



Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins. Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn. Þrjár samliggjandi stofur með mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt fjölskyldurými. Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldur bílskúr. Lóðin er 850,0 fm að stærð með steyptum bomanite veröndum.

**Verð 94,9 millj.**

### *Lerkiás - Garðabæ. Glæsilegt parhús.*



Virkilega glæsilegt og vel staðsett 191,0 fm. par-hús á tveimur hæðum með innbyggðum 27,8 fm. bílskúr í Garðabæ. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing er í loftum í stórum hluta hússins. Samliggjandi stofur með útgengi á stóra afgirta viðarverönd og þaðan á tyrfða flöt. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir til suðvesturs.
**<B>Afar vel staðsett eign við opið óbyggt svæði og frá henni nýtur fallegs útsýnis. 80,0 fm. afgirt viðarverönd til vesturs, norðurs og austurs og góð aðkoma með stórri helllulagðri upphitaðri innkeyrslu, sem rúmar allt að 6 bíla.**

**Verð 83,9 millj.**

### *Hlíðasmári 8 – Kópavogi.*




Til leigu skrifstofu – og lagerhúsnæði í góðu lyftu-húsi miðsvæðis í Kópavogi.

Húsið er afar vel staðsett við fjölfarna umferðaræð. Til leigu er eftirfarandi:

- 211 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.
- 170 fm. lagerhúsnæði í kjallara.

**Leigutími er umsemjanlegur, til lengri eða skemmri tíma.**

### *Síðumúli 27 - Skrifstofuhæð til leigu.*




Til leigu glæsileg 332,4 fm. mjög vönduð og mikið endurnýjuð skrifstofuhæð auk rishæðar, sem nýtt er sem geymsla.

Á hæðinni eru tvö stór opin rými, fundarherbergi og 10 afstúkaðar skrifstofur. Sameign er öll til fyrirmyndar.

**Hluti húsgagna og annars búnaðar getur fylgt með eigninni.**

### *Skemmuvegur -Kópavogi.*



320 fm. atvinnuhúsnæði við Skemmuveg 16 sem skiptist í 3 iðnaðarbil, sem hvert um sig er með sér innkeyrsludyrum og gönguhurð.

3ja fasa rafmagn er í öllum bilum. Úr öllum bilum er neyðarútgangur með eldvarnahurðum.

Malbikað plan og athafnasvæði fyrir framan inn-keyrslu/ athafnasvæði í öll bilin án hitalagna.

**Verð 72,9 millj.**





# LANGALÍNA 20 - 28, SJÁLANDI GARÐABÆ

## NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.
## MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

**Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**
**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**





# LUNDUR 5 – KÓPAVOGI

## NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

**Glæsilegt 11 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 5 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 120,5 fermetrum upp í 194,4 fermetra og verða afhendar með vönduðum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í maí / júní 2017.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**




## *Fagrihvammur 16 - Hafnarfirði.*

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsilegt 227,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum innbyggðum 41,0 fm. bílskúr á fallegum útsýnisstað í Hafnarfirði. Húsið var allt endurnýjað á smekklegan hátt fyrir 10 árum og sá Rut Káradóttir innanhúsarkitekt um innanhúshönnun. Möguleiki er að gera séríbúð á neðri hæð hússins. Teikningar fyrir 55 fm. stækkun á stofu til suðurs fylgja með eigninni. **Staðsetningin er afar góð rétt ofan við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Útsýni frá eigninni er glæsilegt út á sundin, að Reykjanesskaganum, Snæfellsnesi og Akrafjalli til norðurs og fjallgarðanna á Reykjanesi og allt að Bláfjöllum til suðurs.**

**Verð 79,9 millj.**




## *Hæðarbyggð – Garðabæ*

294,0 fm. einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð og innb. tvöföldum bílskúr við Hæðarbyggð. Húsið er upphaflega teiknað sem einbýlishús en nýlega var útbúin 2ja-3ja herbergja aukaíbúð á hluta jarðhæðar hússins. Mjög auðvelt er að breyta húsinu aftur í einbýlishús með því að fjarlægja tvo létta veggi á neðri hæð. Baðherbergi á báðum hæðum hafa verið endurnýjuð og eldhús á efri hæð er nýlegt. Lóðin er stór og gróin með háum trjám, tyrfðum flötum, afgirtri verönd til suðurs og vesturs með heitum potti og malbikaðri stórri innkeyrslu með hitalögnum undir að hluta.
**Staðsetning eignarinnar er afar góð þaðan sem stutt er í Hofstaðaskóla og Fjölbrautaskólann.**

**Verð 89,9 millj.**

## *Fiskislóð 45. Glæsilegt skrifstofuhúsnæði / vinnustofa*



Glæsilegt 86,2 fm. skrifstofuhúsnæði / vinnustofu / loft á 2. hæð auk um 20,5 fm. millilofts, sem ekki er getið hjá Fasteignaskrá Íslands, samtals er eignarhlutinn því um 107,3 fm. að stærð. Öll gólf eru flotuð og lökkuð og gólfhitalagnir eru á aðalhæð. Mjög mikil lofthæð er í eignarhlutanum eða um 5,0 metrar og eru öll loft hvítmáluð.

**Eignarhluti merktur 0216.**

**Staðsetning er virkilega góð á einum eftirsóttasta stað borgarinnar þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár.**

**Verð 34,9 millj.**

## *2JA HERBERGJA*



**HÓLAVALLAGATA.**

Vel skipulögð 56,7 fm. íbúð í kjallara og skiptist í hol/gang, eldhús með ljósum viðarinnréttingum, stofu, eitt svefnherbergi og baðherbergi. Húsið var allt steinað uppá nýtt að utan fyrir um 15 árum síðan og þakkantur endurbyggður.

**Frábær staðsetning við Landakotskirkju á rólegum stað en steinsnar frá miðborginni.**

**26,9 millj.**

## *Klapparstígur. 3ja herbergja íbúð*



Virkilega falleg 67,1 fermetra íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu. Góðar svalir eru til suðurs og gluggar eru til suðurs. Fallegt útsýni er út á sundin til suðurs úr eldhúsi og svefnherbergi. Íbúðin er öll með aukinni lofthæð og fallegum loftlistum. Eldhús: Er bjart með stórum glugga til norðurs, fallegt furugólfborð, upprunleg sjarmerandi eldhúsinnrétting með miklu skápaplássi, gott borðpláss, aukin lofthæð. Glæsilegt útsýni er úr eldhúsi út á sundin.Upprunalegir hurða- og gluggakarmar gefa íbúðinni mikinn svip.

**Fyrir um 10 árum síðan fóru fram miklar endurbætur á húsinu að utan undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar sem fengu viðurkenningu frá Reykjavíkurborg árið 2006.**

**Eign sem vert er að skoða á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur.**

**Verð 38,7 millj.**

## *SUMARHÚS*



**VATNSENDAHLÍÐ - SKORRADALUR**

Vel staðsett sumarhús við Vatnsendahlíð í Skorradalshreppi. Eignin stendur á 2.634,0 fm. leigulóð og er skráð 53,0 fm. auk u.þ.b. 12 fm. gestahúss eða samtals um 65 fm. Húsið var byggt árið 1989 og gestahúsið árið 2010 - 2012. Húsið snýr til suðurs og nýtur vel sólar. Sólpallur er mjög stór og umlykur bústaðinn til austurs, suðurs og vesturs. Lóðin er með fallegum trjám, runnum og litlli tjörn. Stórar grasflatir og góð aðkoma að bústaðnum.

**28,5 millj.**

## *EFRI HÆÐ*



**TÚNGATA. 3JA – 4RA HERBERGJA EFRI HÆÐ.**

105,2 fm. efri hæð í tvíbýlishúsi við Túngötu að meðtaldri 7,1 fm. sér geymslu í kjallara. Hæðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 19,5 fm. sér íbúðarherbergi í kjallara með aðgengi að salerni, eldhúsi og sturtu, sem eru sameiginleg með neðri hæð hússins. Geymsluris er yfir íbúðinni og er það einangrað. Verið er að skipta um allt gler og glugga í kjallara og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir afhendingu eignarinnar. Lóðin er öll afgirt með steyptum veggjum.

**55,0 millj.**

## *4RA HERBERGJA*



**LUNDUR 25 – KÓPAVOGI.**

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fm. upp í 179,2 fm. og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017. **Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

## *SUMARHÚS*



**SUMARHÚS Á EIGNARLÓÐ, KIÐJABERG GRÍMSNESI**

Vel staðsett sumarhús á 6.100,0 fm. eignarlóð. Eignin er með frábæru útsýni yfir golfvöllinn við Kiðjaberg og Hvítá. Góð aðkoma er að húsinu og rúmgott malarbílastæði á lóð. Verið er að leggja hitaveitu á svæðinu. Húsið er skráð 89,9 fm. Auk þess fylgir geymsluskúr og lítill kofi á lóð. Húsið var byggt árið 1998 og viðbygging árið 2012 - 2013. Stór viðarverönd er umhverfis húsið með grindverki. Lóðin er falleg og með fjölbreyttum gróðri. Gufubað er fríistandandi húsi a yfirbyggðri verönd.

**36,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri · Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s. · Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali · G. Andri Guðlaugsson lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Gunnar Jóhann Gunnarsson hdl., löggiltur fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## GLÆSIBÆR 16 110 REYKJAVÍK








Mikið endurnýjað 210 fm. 7 herb. einbýlishús á einni hæð í botnlangagötu. Stór og björt stofa með arni. Nýlegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Garður er í góðri rækt með verönd á baklóð. Rúmgóður bílskúr er við húsið. **V. 78,9 m.**

**Opið hús mánudaginn 30. jan milli 17:15 og 17:45.**

## HELGUBRAUT 27, 200 KÓPAVOGUR





Raðhús við Helgubraut í Kópavogi með aukaíbúð í kjallara.

Húsið er samtals 288,5 fm að stærð og er mikið endurnýjað m.a. eldhús í báðum íbúðum, gólfefni baðherbergi og innréttingar. Báðar íbúðirnar eru í leigu.

Mjög góð staðsetning í grónu hverfi. . **V. 69,9 m**

## KÓPAVOGSBRAUT 75, 200 KÓPAVOGUR






Einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr samtals 112,4 fm. Húsið stendur á mjög stórri lóð eða 986 fm og í kring er búið að byggja 3ja og 4ra íbúða hús. Húsið er í leigu. Húsið skiptist m.a í stofur, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. Bílskúr. **Opið hús þriðjudaginn 31. jan. milli 16:45 og 17:30.**

**V. 47,9 m**

## HVERFISGATA 70, 101 REYKJAVÍK






Fallegt og vel staðsett ca. 120 fm parhús á þremur hæðum við Hverfisgötu 70 í miðborg Reykjavíkur. Eigninni fylgir stúdíóíbúð. Húsið hefur fengið gott viðhald og er staðsett vel upp í lóð þannig að eignin er töluvert frá Hverfisgötunni. Falleg eign í miðborginni. **V. 60 m. Opið hús þriðjudaginn 31. jan. milli 18:00 og 18:30.**

## ÞINGHÓLSBRAUT 52 200 KÓPAVOGUR




Frábærlega staðsett og mikið uppgerð um 90 fm 3ja-4ra Einbýlishús á pöllum, húsið er á 953 fm lóð utarlega á Kársnesinu. Húsið er 174,2 fm og bílskúrinn er 40,0 fm. samtals 214,2 fm. Frábærlega staðsett hús. Húsið sem er steinhús þarfnast einhverra lagfæringa bæði innréttingar og gólfefni eru að miklu upprunaleg. **Opið hús miðvikudaginn 1. feb. milli 16:45 og 17:30. V. 56,9 m**

Nýja hönnunarlínan hennar, UM, á hug hennar allan þessa dagana og stefnir hún á að bæta við fleiri vörum í línuna síðar á árinu. „Helstu verkefnin á næstunni eru að setja myndir og texta um vörulínuna UM á heimasíðu mína www.inosk.is og uppfæra hana og jafnframt að setja á Facebooksíðuna inosk design. Síðan er ég á fullu við að undirbúa sýninguna á línunni UM á HönnunarMars.“



Nýja línan heitir UM og verður til sýnis á næsta HönnunarMars. Hún byggir á samspili tveggja efna, leirs og viðar, og inniheldur kertastjakann KringUM og skálasettið UtanUM.



» Kertastjakinn KringUM er hluti af UM-línunni en Ingibjörg stefnir að því að bæta við fleiri vörum í línuna síðar á árinu.



Baðherbergið er fallegt og nokkuð mínimalískt en poppað upp með appelsínugulum skáp. MYND/STEFÁN





Baðherbergið fyrir breytingarnar.

# Baðherbergi með litlum tilkostnaði

Gamalt baðherbergi var gert upp nær eingöngu með vörum úr **Múrbúðinni**. Steinunn Baldursdóttir segir ekki þurfa að kosta mikið að gera upp baðherbergi ef skynsemin er höfð að leiðarljósi. Í heildina var efniskostnaður, fyrir utan innréttingu og spegil, 315 þúsund krónur.

Íbúðin, sem er í Hvassaleiti, var keypt haustið 2015 en hún var að mestu upprunaleg frá 1961. Baðherbergið var ekki undanskilið og var sannarlega barn síns tíma. „Það var guldrappað eins og tíðarandinn var á sínum tíma, svo var í því baðkar og gamalt gólfklósett,“ segir Steinunn en eigandi íbúðarinnar tók alla íbúðina í gegn sem tók nokkra mánuði og kláraðist á síðasta ári.

Baðherbergið var skipulagt í samvinnu við arkitekt. Ákveðið var að vera með sturtu og upphengt klósett. Flísarnar á gólfinu líta út eins og steypa en þær flæða upp einn stóran vegg alveg upp í loft. Á móti þeim eru hvítar flísar og innréttingin er eikarinnrétting. „Í heildina er baðherbergið því mjög mínimalískt en svo er það poppað upp með fallegum appelsínugulum skáp,“ lýsir Steinunn.

### Mjög gott verð í Múrbúðinni

Oft er talað um að baðherbergi ásamt eldhúsum séu dýrustu herbergin. Þó slapp eigandi baðherbergisins mjög vel enda ákvað hann að kaupa allt sem til þyrfti, fyrir utan innréttingu og spegil, í Múrbúðinni. Steinunn segir mjög gott verð í Múrbúðinni.

„Í Múrbúðinni er líka mjög mikið úrval og hægt að fá allt sem þarf á einum stað,“ segir Steinunn en á baðherbergið voru keypt glerþil og allt sem því fylgir, blöndunartæki, handklæðaofn, vaskur og blöndunartæki á hann, niðurfall, klósett, klósettkassi, flísar bæði á veggi og gólf og öll efni sem þarf í flísalagningu. „Svo eru hér líka þessir litlu fylgihlutir sem þarf eins og snagar, klósettrúlluhaldarar og klósettburstar.“

Fyrir allt þetta borgaði eigandi baðherbergisins 315 þúsund krónur. „Hann fékk síðan iðnaðarmann til að hjálpa sér en það eru mjög margir sem gera þetta sjálfir. Sumir nota bara YouTube til að leiðbeina sér,“ segir hún glettin. „Aðrir fá pípara en gera annað sjálfir.“



Í Múrbúðinni er að finna mikið úrval af hreinlætistækjum.



Flísar og parket má einnig finna í Múrbúðinni.



Alla aukahluti á baðherbergið má fá í Múrbúðinni.



Steinunn Baldursdóttir og Haraldur Bergsson segja verð og gæði fara saman í Múrbúðinni.

> **Múrbúðin er með mjög fín merki, til dæmis Ceravid frá Þýskalandi, Ido frá Finnlandi og WC-kassa frá hollenska framleiðandanum Wisa. Allt merki sem hafa verið vinsæl á markaðnum og reynsla er komin á.**
>
> *Steinunn Baldursdóttir*

### Gæði og góð reynsla

Steinunn segir gæði hreinlætistækja í Múrbúðinni mjög mikil. „Múrbúðin er með mjög fín merki, til dæmis Ceravid frá Þýskalandi, Ido frá Finnlandi og WC-kassa frá hollenska framleiðandanum Wisa. Allt merki sem hafa verið vinsæl á markaðnum og reynsla er komin á. Þá eru líka seld þar fín blöndunartæki frá viðurkenndum framleiðendum sem seld hafa verið árum saman með góðum árangri,“ segir Steinunn og nefnir einnig flott úrval gólfefna en þar eru u.þ.b. 60 gerðir flísa og 20 tegundir af parketi og harðparketi.

### Nokkur góð ráð

En hefur hún einhver góð ráð fyrir þá sem eru að huga að endurnýjun baðherbergis? „Ég mæli með að fólk fái tilboð á nokkrum stöðum, geri verðsamanburð og horfi ekki bara í afsláttina heldur endanlegt verð. Nauðsynlegt er að vinna góða undirbúningsvinnu áður en maður byrjar á framkvæmdunum, vera með skipulag og fermetrafjölda á hreinu og ef fólk vantar hugmyndir t.d. varðandi flísalögn eða stíl þá er endalaust hægt að fá innblástur á netinu. Svo mælum við alltaf með að fólk leiti til fagmanna um að vinna hlutina.“



Fiðrildin svífa um alla veggi í ár.

## Hvernig á að vera inni 2017?

Innanhússhönnun er háð tískusveiflum og spekingar hafa kveðið upp úr með hvernig á að vera inni hjá okkur í ár.

Skærgrænn var útnefndur litur ársins og hann gerir öll rými gáskafyllri. Þessi bjarti gleðilitur á að stuðla að endurnýjun og almennum hressleika, nokkuð sem ekki er vanþörf á á okkar tímum. Dökkgráblár er hinn tískuliturinn og kemur í staðinn fyrir svartan sem er á útleið.

Fiðrildatískan er af sama meiði. Í ár verða fiðrildi flögrandi upp um alla veggi, ekki bara í barnaherberginu.

Blönduð mynstur. Nú er allt leyfilegt og engin mynstur og litir svo ólík að ekki megi blanda þeim saman.

Allt í plati. Plat-leður, plat-marmari, plat-viður – sterkari og þolbetri eftirlíkingar af náttúruefnum verða á hverju heimili.

Áferð. Bólstraðir stólar og sófar, upphleypt mynstur í teppum og púðum. Við horfum á heiminn gegnum flatan skjá svo allt með áferð og lagskipt er heillandi.

Listasmíð frekar en heimaföndur. Nú eru fallegir hönnunargripir búnir að ná yfirhöndinni og krúttlegir heimagerðir blómakransar eru á undanhaldi.



Ólík og margbreytileg mynstur leggjast á eitt við að skapa stemminguna.



Litur ársins er skærgrænn og hann passar að sjálfsögðu vel í stofuna.

## PLASTFLÖSKUR Í IKEA-ELDHÚSI

Sænska hönnunarfyrirtækið Form Us With Love hefur hannað nýja línu Kungsbacka-eldhúsinnréttingarinnar frá IKEA. 25 endurunnar plastflöskur eru notaðar við gerð hverrar einingar. Frá þessu er sagt á vef hönnunarvefsins Dezeen. Plastflöskurnar eru notaðar í klæðningu skápanna en aðalbyggingarefni þeirra er endurunninn viður.

„Plastflaska er ekki rusl, hún er auðlind," er haft eftir Jonas Pettersson, framkvæmdastjóra Form Us With Love. Þá sýni þeir fram á með þessu að hægt sé að nota endurunnin efni í stórframleiðslu á húsgögnum.

Hann segir helsta verkefni framtíðarinnar vera að finna ódýrar lausnir á endurvinnslu þannig að fleiri hafi efni á því að vera umhverfisvænir.

Talið er að innréttingin muni endast í 25 ár. Ætlunin er að IKEA kynni á næstunni enn fleiri endurunna muni í verslunum sínum.





Parketflísar í hámarksgæðum

Við hjá Vídd leggjum metnað okkar í að vera með ávallt fyrsta flokks parketflísar. Helstu kostir við val á parketflísum frá Vídd eru að flísarnar eru alltaf kantskornar sem tryggir 1 mm. fúgubil. Þær bera með sér útlit og áferð parkets, en styrk flísa, þola bleytu, ágang og upplitast ekki með tímanum. Parketflísar leiða gólfhita mun betur en hefðbundin parket.

Bæjarlind 4
Kópavogi

Njarðarnes 9
Akureyri

Sími 554 6800
www.vidd.is

VÍDD

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**GOTT VERÐ 2.690.000.-**
VOLVO S80 DRIVE KINETIC. Árg. 2011, ek.134.þ km,dísel, beinskiptur, er á staðnum. Rnr.128663. S:562-1717.



**GOTT VERÐ 1.590.000.- ÁN VSK.**
RENAULT KANGOO. Árg.2015, ek.AÐEINS 4.þ km, já AÐEINS 4.þús km,dísel, beinskiptur. Rnr.128391, á staðnum. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



KIA Sorento Luxury 2,2 200hö. Árg 2016, ek 39 Þ.KM, dísel, sjálfs. Tilboð 6,090 þús. Rnr.101032. Bíllinn er staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin s.517 4500



VOLVO XC60 . Árg 2014, ek 23 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 6.750 Þús. Rnr.102261. Einn eigandi , eins og nýr, Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ E 200 NGT (041). Árgerð 2012, ekinn 61 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.992208.



KIA cee'd EX 1.6. Árgerð 2012, ekinn 86 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.992174. 2 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



FORD Focus. Árgerð 2014, ekinn 34 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.170270.



BMW X4 4xdrive30d. Árgerð 2016, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.990.000. Rnr.992095.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu



Toyota Hiace 4wd árg '05, 5 dyra. Bíllinn er níu manna en hægt er að taka úr honum bekkina og breyta í sendibíl. Bíllinn hefur alltaf fengið reglulegt eftirlit og smurningu hjá umboðsaðila. Uppl. í s. 698-4464 á virkum dögum á milli 8-16

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
**Sími 564 0400**
**www.bilaraf.is**

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**Hurðir & Gluggar**
www.hurdiroggluggar.is
**Kaplahrauni 17 • Hafnarfirði**
**S:565 4123 • eljo@internet.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun


## til sölu


VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Allt hjá okkur




ÖRYGGISMYNDAVÉLAR OG KERFI

TAKTIK 4818#




Hitamyndavélar



Innanhúss - einföld linsa
Utandyra - einföld linsa
Utandyra - tvíþætt linsa



Framúrskarandi fyrirtæki

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Dragháls 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Atvinnuhúsnæði til leigu 150 fm á Kársnesbraut góð innkeyrsluhurð skrifstofa, 20 fm kælir 5 fm frystir. uppl. s. 6605600

## Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu ca mars/apríl, helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 200-300 þús á mán. Fyrirfram eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas hreinverk@hreinverk.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VAKSTJÓRI ÓSKAST 200.000-450.000 Á MÁNUÐI**
Erum að leita af karlmanni sem talar íslensku í starf í verslun / skyndibitastað í 101 Reykjavík. Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.Mjög góð laun í boði.
**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is





að sér kveða og var í tvígang nálægt því að skora. NORDICPHOTOS/GETTY

# ræði á Anfield

arsson fékk mikið hrós fyrir innkomu sína gegn Liver-
igurs í deildinni og fallið úr báðum bikarkeppnunum.

**Liverpool hefur tapað öllum þremur leikjum sínum eftir að tilkynnt var um að Steven Gerrard myndi ganga til liðs við félagið á ný sem þjálfari í unglingaakademíunni.**

**HÚH!**

Stuðningsmenn Wolves á Anfield á laugardaginn.



Klopp hefur reynt að halda mönnum ferskum með því að hvíla lykilmenn. Það hefur ekki gengið upp og er Liverpool nú tíu stigum á eftir toppliði Chelsea og dottið út úr báðum bikarkeppnunum með aðeins 78 klukkustunda millibili.

Ákveðin krísa virðist hafa myndast á Anfield þar sem setja má stórt spurningarmerki við breiddina sem Liverpool býr yfir.

Liðið virðist ekki þola álagið sem felst í því að leika á 3-5 daga fresti viku eftir viku, eitthvað sem öll topplið verða að geta ráðið við ætli þau sér stóra hluti.

Til þess að bæta gráu ofan á svart virðast stjórar Swansea og Wolves hafa fundið hina fullkomnu leið til þess að núlla út leikskipulag Liverpool undir stjórn Jürgens Klopp. Liðin hafa einbeitt sér að því að beina öllu spili Liverpool inn á miðju vallarins þar sem þau hafa komið fyrir þéttum pakka og þannig náð að stífla allan sóknarleik liðsins.

**Missir að Mané**

Ljóst er að liðið hefur mjög saknað Senegalans Sadio Mané sem verið hefur fjarverandi í janúar vegna Afríkukeppninnar. Mané sá sjálfur um að skjóta Senegal út úr keppninni um helgina og gæti komið inn í liðið fyrir stórleikinn gegn Chelsea í vikunni . Mané er ólíkur samherjum sínum að því leyti að hann vill halda sig á kantinum og gæti því breytt flötum sóknarleik Liverpool.

Hvort endurkoma Mané dugi Liverpool, sem aðeins hefur sigrað í einum af síðustu átta leikjum liðsins, til að snúa genginu við verður að koma í ljós. Erfitt getur reynst fyrir lið að komast upp úr slíku hjólfari og ljóst að mikil pressa er á hinum snjalla Þjóðverja, Jürgen Klopp, að sýna hvað í honum býr, þannig að enn eitt tímabilið fari ekki í vaskinn á Anfield. **tryggvipall@365.is**




**Frakkar fagna eftir að hafa fengið bikarinn afhentan.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# SJÖTTI TITILLINN Á 22 ÁRUM

**HANDBOLTI** Frakkar vörðu heimsmeistaratitil sinn eftir sjö marka sigur, 33-26, á Norðmönnum í Accorhotels Arena í París í gær. Þetta var annar heimsmeistaratitill Frakklands í röð og sá sjötti í heildina.

Þessi ótrúlega sigurganga franska liðsins hófst á Íslandi 1995 en síðan hafa fimm heimsmeistaratitlar bæst í safnið. Ekkert lið hefur orðið heimsmeistari jafn oft og Frakkar.

Heimamenn lentu í miklum vandræðum með spræka Norðmenn í fyrri hálfleiknum í gær. Norska liðið keyrði upp hraðann og keyrði miskunnarlaust í bakið á því franska. Úr varð gríðarlega hraður leikur en til marks um það voru 35 mörk skoruð í fyrri hálfleik.

Norðmenn voru með yfirhöndina lengst af fyrri hálfleiks og náðu mest þriggja marka forskoti. Undir lok fyrri hálfleiks misstu þeir hins vegar tökin, Frakkar skoruðu fimm mörk gegn einu og fóru með eins marks forystu, 18-17, til búningsherbergja.

Í byrjun seinni hálfleiks sýndu Frakkar svo mátt sinn og megin. Vincent Gerard varði eins og óður maður í markinu og norska vörnin réð lítið við hraðan og beinskeyttan sóknarleik franska liðsins. Frakkar skoruðu fimm af fyrstu sex mörkum seinni hálfleiks og náðu heljartaki á Norðmönnum sem þeir slepptu ekki það sem eftir lifði leiks. Á endanum munaði sjö mörkum á liðunum, 33-26.

Frakkar unnu alla níu leiki sína á HM, sem var fyrsta stórmótið undir stjórn Didiers Dinart. Sannarlega frábær árangur hjá Dinart sem tók við af Claude Onesta sem þjálfaði franska liðið um 15 ára skeið.

Vondu fréttirnar fyrir andstæðinga Frakka eru að það bendir ekkert til að þessi sigurganga taki enda á næstunni. Frakkar framleiða mikið af frábærum handboltamönnum og þeir koma nánast á færibandi. Á þessu móti skinu ungstirnin Ludovic Fabregas og Nedim Remili t.a.m. skært og fleiri efnilegir leikmenn bíða eftir sínu tækifæri.

# ENGINN RÆÐUR VIÐ FRAKKA



**Einar Andri Einarsson, þjálfari Aftureldingar**

**HANDBOLTI** „Fyrri hálfleikur var geggjaður. Það var hrikalega gaman að sjá uppleggið hjá Norðmönnum, þeir keyrðu í bakið á Frökkum og stjórnuðu hraðanum í leiknum,“ sagði Einar Andri Einarsson, sérfræðingur íþróttadeildar 365 um HM 2017 og þjálfari karlaliðs Aftureldingar, um úrslitaleik Frakklands og Noregs.

Hann segir að Norðmenn hafi farið illa að ráði sínu undir lok fyrri hálfleiks og þeir hefðu átt að vera með betri stöðu til búningsherbergja.

„Frakkar voru í basli. Norðmenn komust mest þremur mörkum yfir og hefðu með smá heppni getað náð meiri forystu. En endirinn á fyrri hálfleik var hræðilegur hjá Noregi, þeir áttu að vera yfir eða með jafna stöðu. Markið undir lokin kveikti svo í höllinni,“ sagði Einar Andri og vísaði til marksins sem Valentin Porte skoraði í þann mund sem hálfleiksflautið gall. Hann kom Frökkum þá í 18-17.

Markvarslan var engin hjá Frökkum í fyrri hálfleik en reynsluboltinn Thierry Omeyer náði sér ekki á strik. Markvarslan snarbatnaði í upphafi seinni hálfleiks. Vincent Gerard varði frábærlega, alls 11 skot (41%), og lagði grunninn að sigri Frakklands.

„Gerard ver eins og skepna, þeir gengu á lagið og kunna þetta. Það ræður enginn við Frakka í þessum ham. Menn eins og Nicola Karabatic og Daniel Narcisse kunna þetta,“ sagði Einar Andri sem hreifst af frammistöðu norska liðsins sem vann sér ekki sæti á HM í gegnum umspil, heldur fékk úthlutað sæti frá Alþjóðahandknattleikssambandinu.

„Þetta er stórkostlegt. Maður sá það ekki alveg gerast að Norðmenn færu í úrslit, en ekki Þjóðverjar, Danir eða Spánverjar. Þeir eiga hrós skilið, liðsheildin er sterk og skipulagið frábært. Það er magnað að koma þessu liði í úrslit því það eru ekki margir heimsklassaleikmenn í því,“ sagði Einar Andri. Honum fannst mótið í Frakklandi heilt yfir gott.

„Það er frábært fyrir handboltann hvað þessi íþrótt er orðin stór í Frakklandi. Umgjörðin og mætingin var frábær og þetta var virkilega flott mót. Það var talsverð endurnýjun hjá nokkrum liðum sem hafa verið lengi saman og handboltinn var nokkuð góður,“ sagði Einar Andri að lokum.

## Um helgina

**Olís-deild kvenna**

**Fram - Valur 24-21**

**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Steinunn Björnsdóttir 5, Guðrún Hálfdánsdóttir 3 - Vigdís Þorsteinsdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 4.

**Stjarnan - Selfoss 31-23**

**Markahæstar:** Rakel Dögg Bragadóttir 9, Helena Rut Örvarsdóttir 5, Solveig Lára Kjærnested 3 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12, Perla Ruth Albertsdóttir 3.

**Haukar - ÍBV 28-25**

**Markahæstar:** Ramune Pekarskyte 9, Sigrún Jóhannsdóttir 5, Karen Helga Díönudóttir 4, Maria Ines Pereira 4 - Greta Kavaliuskaite 8, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 7.

**Fylkir - Grótta 24-24**

**Markahæstar:** Thea Imani Sturludóttir 8, Christine Rishaug 6, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 4 - Lovísa Thompson 11, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7, Laufey Ásta Guðmundsd. 3 .

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 25 | ÍBV | 10 |
| Stjarnan | 21 | Grótta | 9 |
| Valur | 14 | Selfoss | 8 |
| Haukar | 14 | Fylkir | 5 |

**Domino's-deild kvenna**

**Skallagr. - Keflavík 71-69**

**Stigahæstar:** Tavelyn Tillman 25/8 stoðs., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 17, Ragnheiður Benónísdóttir 14 - Ariana Moorer 19/16 fráköst/6 stoðs., Thelma Dís Ágústsdóttir 16.

**Snæfell - Haukar 73-49**

**Stigahæstar:** Aaryn Ellenberg-Wiley 26/8 fráköst/6 stoðs., Berglind Gunnarsdóttir 16 - Nashika Williams 21/18 fráköst, Rósa Björk Pétursdóttir 10.

**Valur - Stjarnan 72-63**

**Stigahæstar:** Mia Loyd 32/16 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 12 - Danielle Rodriguez 25/11 fráköst/10 stoðs., Ragna Margrét Brynjarsdóttir 13/9 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Skallagrím. | 28 | Valur | 14 |
| Snæfell | 26 | Njarðvík | 14 |
| Keflavík | 26 | Haukar | 10 |
| Stjarnan | 20 | Grindavík | 6 |

**HM í handbolta**

**Frakkland - Noregur 33-26**

**Markahæstir:** Nikola Karabatic 6, Valentin Porte 5, Michael Guigou 5, Nedim Remili 4 - Kent Robin Tönnesen 5, Espen Lie Hansen 4, Kristian Björnsen 4, Bjarte Myrhol 4.

**Slóvenía - Króatía 31-30**

**Markahæstir:** Gasper Marguc 4, Darko Cingesar 4, Marko Bezjak 4, Matej Gaber 3, Jan Grebenc 3 - Luka Cindric 7, Manuel Strlek 6, Domagoj Duvnjak 4, Zlatko Horvat 4.

LAZAROV MARKAKÓNGUR

Makedóníumaðurinn Kiril Lazarov skoraði flest mörk allra á HM í Frakklandi. Hann gerði 50 mörk í aðeins sex leikjum. Sergio Lopes frá Angóla var í 2. sæti með 47 mörk og Túnisinn Amine Bannour og Norðmaðurinn Kristian Björnsen komu næstir með 45 mörk hvor. Þótt Frakkar hafi orðið heimsmeistarar skoruðu þeirra markahæstu menn ekki nema 37 mörk á HM.

NÝR KANI Í VESTURBÆINN

Íslands- og bikarmeistarar KR hafa samið við Bandaríkjamanninn P.J. Alawoya um að leika með liðinu út tímabilið. Alawoya, sem er 203 sentímetrar á hæð, leysir Cedrick Bowen af hólmi en hann þótti ekki standa undir væntingum í Vesturbænum. Alawoya hefur undanfarin ár leikið í Þýskalandi, Japan og nú síðast í Slóvakíu.



# Þau áttu helgina

## Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

*leikmaður Skallagríms í Domino's-deild kvenna í körfubolta*



Sigrún Sjöfn átti góðan leik þegar Skallagrímur vann Keflavík, 71-69, í toppslagnum í Domino's-deild kvenna. Með sigrinum komust Borgnesingar á topp deildarinnar en þeir hafa unnið sjö leiki í röð og líta virkilega vel út um þessar mundir. Sigrún Sjöfn skoraði 17 stig í leiknum og var næststigahæst í liði Skallagríms. Hún tók einnig fjögur fráköst, gaf fjórar stoðsendingar og stal boltanum tvisvar.

## Emil Hallfreðsson

*leikmaður Udinese í ítölsku úrvalsdeildinni í fótbolta*



Emil lagði upp mark í 2-1 sigri Udinese á AC Milan á heimavelli. Milan komst yfir á 8. mínútu en á 31. mínútu lagði Emil upp mark fyrir Frakkann Cyril Thereau sem jafnaði metin. Rodrigo De Paul skoraði svo sigurmark Udinese á 73. mínútu. Emil lék allan leikinn fyrir Udinese sem er í 10. sæti ítölsku úrvalsdeildarinnar með 28 stig eftir 22 umferðir.

## Þormóður Árni Jónsson

*júdómaður hjá Júdófélagi Reykjavíkur*

Júdókeppni Reykjavíkurleikanna lauk á laugardaginn. Tveir Íslendingar unnu til gullverðlauna, Þormóður og Janusz Komendera. Þormóður, sem var fánaberi Íslands á Ólympíuleikunum í Ríó á síðasta ári, vann sigur sigur í +100 kg flokki. Janusz varð hlutskarpastur í -66 kg flokki. Auk þess unnu tveir Íslendingar til silfurverðlauna á Reykjavíkurleikunum; Hjördís Ólafsdóttir í -70 kg flokki og Pétur Szarek í -100 kg flokki.





Eygló Ósk kemur í bakkann í 200 metra baksundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Öruggir sigrar hjá Hrafnhildi og Eygló Ósk

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir, okkar fremstu sundkonur, unnu örugga sigra í 100 metra bringusundi og 200 metra baksundi á Reykjavíkurleikunum í gær.

Hrafnhildur varð hlutskörpust í 100 metra bringusundi en hún synti á tímanum 1:08,86 mínútum. Hin 17 ára Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir varð önnur á 1:16,04.

Eygló Ósk kom langfyrst í bakkann í 200 metra baksundi. Hún synti á 2:12,88 sem er talsvert frá Íslandsmeti hennar (2:08,84). Hin færeyska Signhild Joensen lenti í 2. sæti á 2:20,09.

Á laugardaginn háði Eygló Ósk mikið einvígi við hina dönsku Mie Östergaard Nielsen í 100 metra baksundi. Nielsen er ríkjandi Evrópumeistari í greininni og hún vann nauman sigur á Eygló. Nielsen kom í bakkann á 1:01,65 en Eygló á 1:02,27.

Eygló vann aftur á móti sigur í 50 metra skriðsundi á laugardaginn og Hrafnhildur hrósaði sigri í 50 metra bringusundi. Sunna Svanlaug varð hlutskörpust í 200 metra bringusundi.

Í 50 metra baksundi karla börðust Daninn Magnus Jakupsson og Kristinn Þórarinsson um sigurinn. Svo fór að Jakupsson hafði betur. Hann synti á 25,90 sekúndum en Kristinn á 26,67. Í undanrásunum munaði hins vegar aðeins 30/100 úr sekúndu á þeim. Kristinn vann hins vegar sigur í 200 metra fjórsundi á tímanum 2:12,57 mínútum. **– iþs**

## FYRSTI RISATITILLINN Í FIMM ÁR



Hinn 35 ára gamli Svisslendingur Roger Federer sigraði Spánverjann Rafael Nadal í úrslitum á Opna ástralska meistaramótsins í tennis; 6-4, 3-6, 6-1, 3-6, 6-3. Þetta var fimmti sigur Federers á Opna ástralska. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn í fimm ár sem Federer vinnur risamót, eða frá því hann vann Wimbledon 2012. Federer hefur nú alls unnið 18 risamót á glæsilegum ferli, fleiri en nokkur annar. Nadal og Pete Sampras koma næstir með 14 risatitla hvor.

## SERENA VANN SYSTRASLAGINN

Serena Williams bar sigurorð af systur sinni, Venus Williams, í úrslitum Opna ástralska meistaramótsins í tennis á laugardaginn; 6-4 og 6-4. Þetta var í níunda sinn sem Williams-systurnar mætast í úrslitum á risamóti. Serena hefur unnið sjö sinnum og Venus tvisvar. Þetta var 23. sigur Serenu á risamóti en með sigrinum í fyrradag fór hún fram úr Steffi Graf á listanum yfir flesta risatitla. Hin ástralska Margaret Court á enn metið (24.).





# „Líður nú að lokum…“

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Trump var ekki kosinn þrátt fyrir ókosti sína heldur vegna þeirra. Öll súpum við seyðið af þessu kjöri, afleiðingarnar kunna að verða skelfilegar fyrir alla heimsbyggðina og nú þegar eru teknar að streyma frá honum tilskipanir sem hafa beinlínis áhrif til hins verra á líf venjulegs fólks sem ekkert hefur til saka unnið, en hefur orðið fyrir barðinu á þeim ofstækisfullu stríðsmönnum sem Trump lætur sem hann berjist gegn, en tekur nú höndum saman við.

Við störum á þennan mann í forundran. Trúum naumast eigin augum þegar hann sést þagga ruddalega niður í brosandi konu sinni eða ryðst fram fyrir hana, talar eins og fábjáni yfir CIA-mönnum og fer að þrátta um mannfjöldatölur á innsetningarathöfn sinni, sem liggja þó fyrir og blasa við öllum nema honum og höfundi Staksteina.

**Raunveruleikaþáttaforsetinn**

Stundum heyrist að kjör hans sé sök einhverra. „Góða fólkið“ er þá nefnt í því sambandi, aðallega af þeim sem telja að heiminum stafi um þessar mundir einkum ógn af fólki sem viðrar frjálslyndar skoðanir, umburðarlyndar og mannúðlegar. Kenningin er þá sú að þessi eilífa pólitíska rétttrúnaðarkrafa um góðvild í garð annarra og jafnrétti fólks burtséð frá kyni, stétt eða uppruna, sé svo íþyngjandi og þrúgandi að hún hafi hrakið fólk í fang Donalds Trump og viðlíka afla sem gefi fólki nauðsynlega útrás fyrir þörf sína að viðra andúð á öðru fólki. Samkvæmt þessum þankagangi er hatur og fordómagirni nokkurs konar grunnhvöt hjá öllum manneskjum og sá eða sú sem predikar kærleika, jafnrétti og mildi í dómum sé þá að hræsna, að þykjast, til þess að ná völdum í samfélaginu og „þagga“ niður „umræðuna“ sem „þarf að taka“.

**Þessi mannshugsjón einstaklingshyggjunnar endurspeglar sjálfsmynd hvítra karla, sem hafa gnist tönnum yfir Obamahjónunum, svo elegant og gáfuð og framúrskarandi sem þau eru.**

Ég veit það ekki. Er ekki nærtækara að líta svo á að kjör Trumps sé fremur þeim að kenna sem kusu hann en hinum sem kusu hann ekki? Að vísu má segja sem svo að allt það fólk sem sat heima í forsetakosningunum – meirihluti þjóðarinnar – eigi sína sök á þessu, og eins má færa rök fyrir því að Hillary hafi mistekist að kveikja í mörgu fólki sem ekki vildi Trump – en nennti ekki heldur að kjósa hana. Við megum að vísu ekki gleyma því að hún fékk skýran meirihluta atkvæða á þjóðarvísu, en Trump krækti hins vegar í kjörmennina. Af hverju tapaði svo augljóslega hæf kona fyrir svo augljósum labbakút? Þar kemur ýmislegt til: íhaldssemi í kynjamálum; það er til fólk sem frekar treystir vanhæfum karli til mannaforráða en hæfri konu: en líka hitt: Hillary var fulltrúi 20. aldarinnar, gamaldags stjórnmála. Trump var kallinn í sjónvarpinu sem réð og rak og réð öllu. Hann er raunveruleikaþáttaforsetinn.

**Já en af hverju?**

Eftir stendur samt spurningin: Af hverju kusu svona margir Bandaríkjamenn þennan andstyggilega mann? Vissu þeir ekki betur? Jú – en annað vegur þyngra í huga þeirra.

Nefnum fernt: Hann lofar óháskólagengnu fólki að taka á afleiðingum alþjóðavæðingar og skapa störf með nýrri tegund af merkantílisma sem á eftir að breyta mjög andrúmsloftinu í heiminum, og í leiðinni herða mjög á ágangi á náttúruauðlindir, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir Jörðina og framtíð mannkyns. Annað: hinni fjölmennu millistétt, sem er vellauðug en hefur ekki jafnmikið milli handanna og hún telur sig þurfa lofar hann stórfelldum skattalækkunum og afnámi sjúkratryggingakerfis, en hjá mörgu slíku fólki hafa slíkar greiðslur hækkað til muna eftir að Obamastjórnin innleiddi sitt tryggingakerfi. Þannig nær hann bæði að höfða til háskólagengins fólks í sérhæfðum störfum og fólks í láglaunastörfum sem keppir um störfin við fólk úr öllum heiminum.

Og það þriðja er svolítið óljóst en mikilvægt. Aftur: Trump er ekki kosinn þrátt fyrir galla sína heldur vegna þeirra. Hann er ófyrirleitinn, óútreiknanlegur reglubrjótur. Hann er kallinn í sjónvarpinu sem við skellum okkur á lær yfir: upp á hverju tekur hann nú? Hann höfðar til okkar verri manns.

Mótþróinn er innbyggður í þjóðarsálina þar vestra; persónur með mótþróaröskun eru þar í hávegum hafðar í kvikmyndum, bókum og rokkmúsík-kúltur; við höfum séð ótal bíómyndir um þessa týpu sem gerir aldrei það sem ætlast er til af henni, er með dónaskap og ljótan munnsöfnuð – vart húsum hæf – en endar svo á að bjarga öllu út af hyggjuviti sínu og þvermóðsku. Þessi mannshugsjón einstaklingshyggjunnar endurspeglar sjálfsmynd hvítra karla, sem hafa gnist tönnum yfir Obamahjónunum, svo elegant og gáfuð og framúrskarandi sem þau eru. Og virðast hafa þar með nært djúprætta vanmetakennd í þessu furðufyrirbæri sem er hinn miðaldra hvíti karlmaður. Og hefndi sín með því að senda okkur Trump.

Við getum ekkert nema vonað að upphafslínur lagsins sem hann valdi að láta syngja yfir sér eigi bara við um valdatíð hans: „And now the end is near…“

# Hvað getum við gert?





Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs

Þuríður Helga Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar

Leonardo Di Caprio hefur með mynd sinni „Before the Flood“ vakið aukna athygli á loftslagsmálum en myndin var nýlega sýnd á RÚV. En RÚV hefur nýlega staðið fyrir góðri og fróðlegri umfjöllun um loftslagsmál. Í myndinni hans Leonardos er fjallað um staðreyndirnar varðandi loftslagsmál, engar ýkjur. En þegar horft er á slíka mynd vaknar spurningin: hvað get ég gert?

Stjórnvöld og fyrirtæki spila lykilhlutverk þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stjórnvöld geta notað fjárhagslega hvata til að stýra markaðnum, sett boð og bönn, ásamt því að fara fram með góðu fordæmi og rutt markaðinn fyrir metnaðargjörnum lausnum í umhverfismálum. Einnig geta yfirvöld hjálpað okkur að velja rétt og auðveldað okkur að verða umhverfisvæn. Fyrirtæki geta sýnt samfélagslega ábyrgð, dregið úr losun og verið hluti af lausninni með því að framleiða vörur og veita þjónustu sem veldur lágmarks losun.

En hvað get ég gert? Það er ótal margt sem hægt er að gera til þess að draga úr losun. Mikið hefur verið talað um matarsóun. Með því að nýta matinn okkar vel erum við að draga úr losun, allt skiptir máli. Ef allir gera eitthvað þá erum við fljót að tala um fleiri þúsund kíló á ári. Auðlindanotkun er minni við grænmetisbúskap en vegna framleiðslu á kjötvörum. Þó svo að maður verði ekki alveg vegan þá er hægt að draga eitthvað úr kjötneyslu, en síðustu ár hefur kjötneysla heldur verið að aukast.

Íslendingar flytja inn mikið magn af neysluvörum frá löndum þar sem umhverfiskröfur eru ekki eins strangar og á Íslandi og orkunotkunin háð bruna á jarðefnaeldsneyti. Um 85% af allri orkunotkun í heiminum eru byggð á jarðefnaeldsneyti. Þannig að þegar við kaupum innfluttar vörur getum við nánast gert ráð fyrir því að framleiðsla vörunnar hafi valdið losun á gróðurhúsaloftegundum. Í þessu samhengi sést mikilvægi þess að draga almennt úr neyslu á nýjum vörum.

Líftími vara er ekki eins langur og hann var áður. Fatnaður verður fljótt snjáður og nýja þvottavélin á líklegast ekki eftir að endast eins lengi og þvottavélin hennar ömmu, sem var orðin meira en 40 ára. Það er afar slæmt fyrir umhverfið að það þurfi að framleiða t.d. þrjú pör af skóm í staðinn fyrir eitt par. Með því að lagfæra, nýta skiptimarkaði, kaupa notað erum við að draga úr losun á koltvísýringi vegna framleiðslu og flutnings á varningi.

**Hver ferð skiptir máli**

Í samgöngumálum getum við sameinast í bíla þegar verið er að skutla krökkum í frístundir eða fara til vinnu, hjólað, gengið eða notað almenningssamgöngur. Hver ferð skiptir máli. Rafmagnsbílar og aðrir bílar sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti eru einnig hluti af lausninni, þó að það sé ekki sjálfbært að allir fari og kaupi sér nýjan bíl þegar tekið er tillit til alls framleiðsluferlisins. Flugumferðin í heiminum er sífellt að aukast og stendur fyrir um 3,5 prósentum af heildarlosun á gróðurhúsaloftegundum í heiminum. Þegar verið er að plana fríið eða vinnuferð, þá er kannski hægt að velja annan farkost en flug einhvern hluta ferðarinnar? Eða taka vinnufundinn í gegnum Skype?

Það er líka hægt að láta gott af sér leiða í hinum ýmsu verkefnum t.d. á vegum Landverndar sem tengjast skógrækt eða endurheimt votlendis.

Di Caprio kemur líka inn á eyðingu regnskóganna þar sem verið er að ryðja regnskóga til ræktunar á pálmaolíu. Með því að sniðganga pálmaolíu, getum við sem neytendur reynt að stuðla að minni eftirspurn eftir henni sem vonandi skilar sér til matvælaframleiðenda sem þá finna nýjar lausnir. Við neytendur höfum vald til þess að breyta.

Þó svo að loftslagsbreytingarnar sem við erum að sjá nú þegar séu fremur ógnvekjandi, þá megum við ekki gefast upp, við þurfum bara að bretta upp ermarnar. Enginn getur gert allt, en við getum öll gert eitthvað.














## Merkisatburðir

**1930** Gene Hackman leikari fæðist.
**1933** **Adolf Hitler** er settur í embætti kanslara Þýskalands.
**1937** Boris Spasskí skákmaður fæðist.
**1941** Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, fæðist.
**1951** Phil Collins tónlistarmaður fæðist.
**1969** Bítlarnir spila opinberlega í síðasta sinn.
**1971** Frost mælist 19,7 gráður í Reykjavík og hafði ekki verið meira síðan 1918.
**1974** Christian Bale leikari fæðist.
**1988** Listasafn Íslands er opnað.

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir**
Gautlandi 17, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
27. janúar. Útförin verður frá Fossvogskirkju
kl. 15.00 miðvikudaginn 1. febrúar.

**Vilhjálmur Georgsson** **Ágústa S. Jóhannesdóttir**
**Kristján Georgsson** **J. Guðrún Gunnarsdóttir**
**Birgir Georgsson** **María Hreinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Hólmfríður Svanholt Björgvinsdóttir**
frá Krossavík,
andaðist miðvikudaginn 18. janúar 2017.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur
samúð og hlýju.

**Rúnar S. Gíslason** **Halla Sigurgeirsdóttir**
**Þóra E. Gísladóttir** **Gunnar Björnsson**
**Gísli Gíslason** **Vigdís Hreinsdóttir**
**Björgvin Ó. Gíslason**
**ömmubörn og langömmubörn.**

✝



Elskuleg eiginkona, dóttir, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma
okkar,
**Vigdís Helgadóttir**
lést á Landspítalanum við Hringbraut
fimmtudaginn 19. janúar. Útför fer fram
miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13
í Fossvogskirkju.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitir.

**Guðbrandur Haraldsson**
**Soffía Pétursdóttir**
**Haraldur Guðbrandsson** **Tina Henriksen**
**Helgi Guðbrandsson**
**Sigrún Ósk Guðbrandsdóttir** **Baldur Kristjánsson**
**barnabörn Vigdísar og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, segir að kenna þurfi mikilvægi samþykkis í kynlífi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikilvægt að berjast gegn hrelliklámi af meiri krafti

**Kvenréttindafélag Íslands fagnar 110 ára afmæli um þessar mundir. Formaðurinn segir mikla áherslu lagða á að stöðva hrelliklám og stuðla að kennslu í kynjafræði í skólum.**

Kvenréttindafélag Íslands var stofnað hinn 27. janúar 1907 á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og varð því 110 ára á föstudaginn. Gert er ráð fyrir að haldið verði upp á afmælið síðar á árinu.

Markmið félagsins við stofnun var að starfa að því að íslenskar konur fengju fullt stjórnmálajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi og embættisgengi og rétt til atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn. Það verður ekki annað sagt en að mikilvæg skref hafi verið stigin í rétta átt en félagið vinnur þó enn að brýnum hagsmunamálum.

Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélagsins, segir að helstu baráttumál þess í dag séu annars vegar að vinna gegn hrelliklámi, „þeirri risastóru og hættulegu vá sem steðjar að konum núna,“ segir segi Fríða Rós sem kveður hugtakið hrelliklám vera vítt.

> **Hrelliklám er risastór og hættuleg vá sem steðjar að konum núna.**
>
> Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélagsins

„En við erum að tala um þetta kynbundna stafræna ofbeldi,“ segir Fríða Rós máli sínu til stuðnings.

Í mars mun Kvenréttindafélagið birta niðurstöður rannsóknar á hrelliklámi sem gerð var í norrænu samstarfi.

Hitt stóra málið sem Kvenréttindafélagið vinnur að er að gera kynjafræðslu að skyldu í grunn- og menntaskóla.

„Við höfum verið að vinna þetta í samstarfi við þá kennara sem sinna þessari fræðslu og það er á döfinni að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld að gera þessu hærra undir höfði,“ segir Fríða Rós. Slík fræðsla sé mikilvægur grunnur að því að minnka ofbeldi gegn konum.

„Að kenna mikilvægi samþykkis í kynlífi, kenna meira um mörk og um sjálfsvirðingu. Það er svo margt sem er kennt í kynjafræði.“

Fríða Rós segir að Kvenréttindafélagið búi að ýmsu til að styrkja námið. „Það er til námsefni. Við framleiddum námsefni með öllum Norðurlöndunum sem er til á heimasíðunni okkar. Og svo hýsum við líka námsefni fyrir grunnskóla. Og það er ókeypis aðgangur að því fyrir kennara og aðra áhugasama,“ segir hún.

Fríða Rós segir að það þurfi að taka fyrrgreind verkefni föstum tökum á næstunni. **jonhakon@frettabladid.is**

30. JANÚAR 1927

## Olof Palme fæddist

Sven Olof Joachim Palme, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, fæddist þennan dag árið 1927. Hann var formaður sænskra Sósíaldemókrata frá árinu 1969 þar til hann lést árið 1986. Palme gegndi tvisvar sinnum embætti forsætisráðherra. Í fyrra skiptið á árunum 1969 til 1976 og síðan 1982 til ársins 1986.

Palme hóf afskipti af stjórnmálum á þrítugsaldri. Þegar hann var 26 ára var hann ráðinn aðstoðarmaður Tage Erlander forsætisráðherra. Tveimur árum síðar var hann kominn í stjórn ungliðahreyfingar sænska Sósíaldemókrataflokksins. Hann var síðan kosinn á sænska þingið þrítugur að aldri.

Palme var myrtur að kvöldi föstudaginn 28. febrúar 1986. Hann var á gangi heim úr kvikmyndahúsi með eiginkonu sinni Lisbet Palme á Sveavagen í Stokkhólmi. Hann var hæfður einu skoti. Eiginkona hans, Lisbet, var skotin öðru skoti og særðist hún lítillega.

Nú, þrjátíu árum síðar, er málið ennþá óleyst. Hefur morðið orðið tilefni fjölmargra samsæriskenninga sem enn í dag lifa góðu lífi.



**Olof Palme árið 1973.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Olof Palme var skotinn til bana í Stokkhólmi í febrúar 1986. Morðið er mest rannsakaða sakamál Svíþjóðar en er enn óupplýst.**

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR – LOKADAGAR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslætti**
Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti
**Philips Bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti**
Oral-B rafmagnstannburstar frá 995 kr.
**Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti**
iRobot ryksuguvélmenni frá 39.995 kr.
**Blendtec blandarar með 30% afslætti**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995 kr.
**Alsjálfvirkar kaffivélar frá 42.995 kr.**
Mikið úrval af brauðristum, kötlum, samlokugrillum
og öðrum smáraftækjum á frábærum verðum

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Nokkuð hvasst í dag. Snjókoma og síðar slydda eða rigning, einkum suðaustan til á landinu. Hægari vindur og að mestu þurrt á Norðurlandi. Hlýnandi veður, fyrst sunnanlands.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| 14 | 13 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 1° |
| 7 | 11 | 17 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -3° | -3° |
| 15 | 3 | 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 2° | -3° |
| 3 | 8 | 12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. grasþökur
6. spil
8. sönghús
9. berja
11. sjó
12. stúlka
14. sjúkdómur
16. líka
17. tillaga
18. við
20. tveir eins
21. karl

**LÓÐRÉTT**
1. slitna
3. kúgun
4. matjurt
5. frjó
7. verkfæri
10. fiskur
13. krot
15. tigna
16. mælieining
19. utan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. torf, 6. ás, 8. kór, 9. slá, 11. sæ, 12. telpa, 14. gláka, 16. og, 17. ráð, 18. hjá, 20. ll, 21. mann.
**LÓÐRÉTT:** 1. máśt, 3. ok, 4. rósakál, 5. fræ, 7. sleggja, 10. áll, 13. pár, 15. aðla, 16. ohm, 19. án.

### Skák Gunnar Björnsson

Najdorf átti leik gegn Timman á Ólympíuskákmótinu í Buenos Aires í Argentínu árið 1980.
**Hvítur á leik**
**1. Bd6! Kg8 2. He8** og svartur gafst upp.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






FRÉTTABLAÐIÐ
HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*



Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| | | |
|---|---|---|
| Resident Evil (16) SÝND KL. 10.40 | Patriots Day (16) SÝND KL. 8, 10.40 | Billi Blikk (L) SÝND KL. 6 |
| Hjartasteinn (12) SÝND KL. 5.20, 8 | The Great Wall (12) SÝND KL. 8, 10.15 | Syngdu (L) SÝND KL. 5.40 - ísl tal |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | L |
| LA LA LAND VIP | KL. 5:20 - 8 | VIP |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:20 - 10:40 | 12 |
| XXX 3 VIP | KL. 10:40 | VIP |
| LIVE BY NIGHT | KL. 10:40 | 16 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 | 9 |
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 8 | L |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 | 9 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| XXX 3 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LIVE BY NIGHT | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 | 9 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| LA LA LAND | KL. 8 - 10:20 | L |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40 | L |
| XXX 3 | KL. 5:30 - 10:40 | 12 |
| LIVE BY NIGHT | KL. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 20:20 | L |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

### 30. JANÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** MonJazz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
MonJazz fer fram á Húrra í kvöld. Uppákomur

**Hvað?** Tilraunakvöld Listaháskóla Íslands
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi
Tilraunakvöld Listaháskóla Íslands hefst í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 19.30. Myndlist, tónlist, gjörningar, þátttökuverk. Aðgangur ókeypis. Verk eiga þau Harpa Dís Hákonardóttir, Katrín Helga Ólafsdóttir , Robert Karol Zadorozny, Dan Theman Docherty, Florence Lam, Pétur Eggertsson, Andrés Þór Þorvarðsson og The Post Performance Blues Band.

**Hvað?** Tækniverkstæði fyrir 9-12 ára
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Menningarhús Gerðubergi – Borgarbókasafn, Gerðuberg 5, 111 Reykjavík
Boðið er upp á tækni- og tilraunaverkstæði í Gerðubergi með leiðbeinendum frá Kóder fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára. Hægt verður að læra um smátölvuna Raspberry Pi, Minecraft-forritun, Scratch, sem er einfalt forritunarmál, og ýmislegt fleira. Algjörlega frábært tækifæri fyrir krakka að kynnast, fikta og læra um spennandi tækni og forritun og hvað sé hægt að skapa með henni.

**Hvað?** Kvöldstund með Herdísi Egilsdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík
Herdís Egilsdóttir kennari og rithöfundur kenndi við Skóla Ísaks Jónssonar í 45 ár. Hún hefur skrifað fjölda barnabóka, skrifað leikrit fyrir börn, samið ljóð og lög, smíðað húsgögn, saumað fatnað fyrir sjálfa sig og aðra, unnið skartgripi, töskur og fleira úr fiskiroði og svona mætti lengi telja. Viðhorf hennar til barna, kennslu og lífsins hafa vakið athygli víða. Herdís er 82 ára gömul, í fullu fjöri og ætlar að deila með þeim sem hafa áhuga kvöldstund þar sem hún mun grípa niður í þætti úr reynslubankanum sem gætu orðið okkur hinum til gagns og ekki síður gamans.

**Hvað?** Koma – samsýning
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Skaftfell – myndlistarmiðstöð Austurlands, Austurvegi 42, 710 Seyðisfjörður
Útskriftarnemar myndlistardeildar Listaháskóla Íslands dvöldu í tvær vikur á Seyðisfirði og störfuðu undir hatti Dieter Roth akademíunnar og Skaftfells, myndlistarmiðstöðvar Austurlands. Þetta er í sautjánda sinn sem námskeiðið Vinnustofan Seyðisfjörður hefur verið haldið, undir leiðsögn Björns Roth og Kristjáns Steingríms, í samvinnu við Tækniminjasafn Austurlands og Stálstjörnur. Afraksturinn er sýningin Koma er opin í dag frá klukkan 15.00 og eftir samkomulagi. Listamenn eru: Ágústa Gunnarsdóttir, Bára Bjarnadóttir, Camilla Reuter, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, Heiðríkur á Heygum, Ieva Grigelionyte, Kristín Dóra Ólafsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Sigrún Gyða Sveinsdóttir, Valgerður Ýr Magnúsdóttir, Veigar Ölnir Gunnarsson, Ylfa Þöll Ólafsdóttir, Ýmir Grönvold og Þorgils Óttarr Erlingsson. Sýningastjórar eru: Björn Roth og Kristján Steingrímur.

### Fundir

**Hvað?** Dalurinn í 70 ár. Marín Guðrún fjallar um Dalalíf Guðrúnar frá Lundi
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Menningarhús Spönginni
Í ár eru 70 ár frá því að fyrsta bindi skáldsögunnar Dalalífs kom út. Alls urðu bindin fimm og var þar komin lengsta íslenska skáldsagan sem markaði jafnframt upphaf ritferils skáldkonunnar Guðrúnar Árnadóttur eða Guðrúnar frá Lundi. Farið verður yfir æviferil Guðrúnar með það að leiðarljósi að gestir fái innsýn í tíðaranda horfins heims. Umfjöllunarefni skáldsagna Guðrúnar verða skoðuð og rýnt í viðtökur og vinsældir og reynt að glöggva sig á hvað það er sem geri það að verkum að hún slær enn sölu- og vinsældamet. Viðburðurinn er fyrir alla sem vilja kynna sér ævi og verk Guðrúnar frá Lundi og tengja við líflega og oft óvægna bókmenntaumræðu sem einkenndi 6. og 7. áratug síðustu aldar. Marín Guðrún Hrafnsdóttir, bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar frá Lundi, segir frá. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!



Kvöldstund með Herdísi Egilsdóttur fer fram á Hannesarholt í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Moonlight ........ 17:45, 20:00, 22:00
Lion ........ 17:30
Fangaverðir ........ 18:00
Besti Dagur Í Lífi Olli Maki Q&A ........ 20:00
Captain Fantastic ........ 20:00
Graduation ........ 22:15
Embrace Of The Serpent ........ 22:30





BYGGT Á SANNRI SÖGU

**SIX**

Hörkuspennandi þættir, byggðir á raunverulegum atburðum, og fjalla þeir um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að handsama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan.

FRÁBÆRT
**MÁNUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**GRAND DESIGNS UK**

Glæný sería þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum fólks í Bretlandi. Þar fer ríkt hugmyndaflug og góður smekkur saman og útkoman yfirleitt mikið augnayndi.



HEIMILI HBO

**INSECURE**

Gamanþáttur úr smiðju HBO sem fjallar um hina hispurslausu en afar óöruggu Issu Dee, leikna af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna.



**SUITS**

Snýr aftur

Eftir nokkurt hlé höldum við áfram að fylgjast með klækjarefunum Mike Ross og Harvey Specter í þessum vinsælu og stórgóðu þáttum.



**SHAMELESS**

Skemmtileg þáttasería um þessa skrautlegu og stórskemmtilegu fjölskyldu sem er ekki eins og fólk er flest og ekki alveg til fyrirmyndar.



**VERONICA MARS**

Veronica starfar sem lögfræðingur í New York. Þegar gamall kærasti hennar er sakaður um morð ákveður hún að hjálpa honum og komast að hinu rétta í málinu.



**ONE BORN EVERY MINUTE - WHAT HAPPENED NEXT**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgt er eftir nokkrum eftirminnilegum pörum úr fyrri þáttaröðum og fjallað um lífið eftir fæðingu barna þeirra.



365.is




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** Mayday
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.45** American Idol
**15.10** American Idol
**16.05** Ground Floor
**16.30** Tommi og Jenni
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Grand Designs
**20.10** Insecure Gamanþáttur úr smiðju HBO og fjalla um hispurslausa en afar óöruggu unga konu sem leikin er af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna og er tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að finna sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og oft á tíðum ganga í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
**20.40** Suits
**21.25** Six Hörkuspennandi þáttaröð sem er byggð á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sérsveitin flókin og erfið mál til að leysa og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöfundur þáttanna, William Broyles Jr. (Apollo 13), fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sérsveitarhermanninum David Broyle.
**22.05** Shameless
**23.00** Timeless
**23.45** Notorious
**00.30** Blindspot
**01.15** Lucifer
**02.00** Major Crimes
**02.45** The Perfect Guy
**04.25** Bones

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Spænski boltinn
**08.40** Spænski boltinn
**10.20** Þýski boltinn 2016-
**12.00** Domino's-deild karla
**13.40** Domino's-körfuboltakvöld
**15.20** FA Cup
**17.00** FA Cup
**18.40** Football League Show
**19.10** Spænsku mörkin
**19.40** Ensku bikarmörkin
**20.10** FA Cup
**21.50** Þýski boltinn
**23.30** Spænsku mörkin
**00.00** Football League Show

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.00** FA Cup
**10.40** FA Cup
**12.20** FA Cup
**14.00** Spænski boltinn
**15.40** Spænski boltinn
**17.20** Domino's-deild kvenna
**19.00** Domino's-körfuboltakvöld
**20.40** FA Cup
**22.20** FA Cup
**00.00** Ensku bikarmörkin

## STÖÐ 3

**17.55** Married
**18.20** Raising Hope
**18.45** The New Girl
**19.10** Modern Family
**19.35** Stelpurnar
**20.00** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.30** One Born Every Minute – What Happened Next
**21.20** Grimm
**22.05** Game of Thrones
**23.00** Klovn
**23.30** Salem
**00.15** The Mentalist
**01.00** Stelpurnar
**01.25** Eldhúsið hans Eyþórs
**01.55** One Born Every Minute – What Happened Next
**02.45** Grimm
**03.30** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Stóri og litli
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.13** Zigby
**09.25** Skógardýrið Húgó
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.22** Hvellur keppnisbíll
**12.33** Stóri og litli
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.13** Zigby
**13.25** Skógardýrið Húgó
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.22** Hvellur keppnisbíll
**16.33** Stóri og litli
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.13** Zigby
**17.25** Skógardýrið Húgó
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Skósveinarnir

Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24



## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World 2017
**09.00** Commercialbank Qatar Masters
**13.35** Farmers Insurance Open
**17.35** Inside the PGA Tour 2017
**18.00** Farmers Insurance Open
**23.00** Pure Silk Bahamas

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Collaborator
**13.10** Longest Ride
**15.15** Big Daddy
**16.50** Collaborator
**18.20** Longest Ride
**20.25** Big Daddy
**22.00** Veronica Mars
Allir þekkja Veronicu Mars úr samnefndum spæjaraþáttum. Nú er Veronica orðin fullorðin og starfar sem lögfræðingur í New York. Þegar gamall kærasti frá heimabæ hennar er sakaður um morð ákveður hún að hjálpa honum og komast að hinu rétta í málinu. Til þess þarf hún að hressa upp á spæjaragáfurnar sem hún notaði óspart sem unglingur. Með aðalhlutverk fara Kristen Bell og Jason Dohring.
**23.50** The Social Network
**01.50** The Fast and the Furious
**03.35** Veronica Mars

## RÚV

**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Friðþjófur forvitni
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.47** Hundalíf
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Sannleikurinn um heilsufæði
**21.00** Miðnætursól
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Reykjavíkurleikar: Kraftlyftingar
**23.25** Þýskaland '83
**00.10** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Life Unexpected
**09.45** Judging Amy
**10.30** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** Rachel Allen: All Things Sweet
**14.40** Chasing Life
**15.25** Black-ish
**15.50** Royal Pains
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Good Place
**20.15** No Tomorrow
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication
**00.20** The Catch
**01.05** Rosewood
**01.50** Madam Secretary
**02.35** Hawaii Five-0
**03.20** Blue Bloods
**04.05** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSALA

LOKADAGAR

## Allt að 60% afsláttur

**Ofnar, háfar og helluborð frá Beko og Grundig með allt að 50% afslætti**

**Ofnar, háfar og helluborð frá Beko, Grundig og Kitchenaid með allt að 50% afslætti**

**Kitchenaid pottar og búsáhöld með allt að 60% afslætti**

**Dyson ryksugur með allt að 44% afslætti**

**[illegible] kaffibaunir 20% afsláttur**

LOKADAGAR • LOKADAGAR

**Kitchenaid blandarar, brauðristar, katlar, matvinnsluvélar og fleira á frábærum verðum**

**Olíufylltir ofnar með allt að 29% afslætti**

**William Bounds salt og piparkvarnir með 50% afslætti**

**Severin kæliskápar með allt að 40% afslætti**

**Saeco kaffivélar með allt að 38% afslætti**

**Kitchenaid hrærivélar – útstillingavélar í nokkrum litum kr. 54.990 – Mjög takmarkað magn**

*Opið mán. til föst. 9-18 og lau. 11-15*

*Sjá allt úrvalið á www.ef.is*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

# Árslisti útvarpsþáttarins Kronik 2016

Í útvarpsþættinum Kronik er fjallað um allt það sem ber hæst í heimi hiphop-tónlistar bæði hér heima og erlendis. Þeir **Róbert Aron** og **Benedikt Freyr**, stjórnendur þáttarins, hafa nú sent frá sér lista yfir allt það besta frá síðasta ári.

Þeir Róbert Aron Magnússon og Benedikt Freyr Jónsson, eða Robbi Kronik og Benni B-Ruff eins og mæður þeirra þekkja þá, í útvarpsþættinum Kronik, réðust í það verkefni að velja það sem stóð upp úr á árinu 2016 í heimi hiphop-tónlistar og var af því tilefni sérstakur árslistaþáttur hjá þeim félögum á laugardaginn síðasta. Þeir stóðu þó ekki einir í þessu verkefni heldur fengu þeir með sér nokkra álitsgjafa sem sendu inn sínar tilnefningar. Flokkarnir sem valið var í að þessu sinni voru 20 bestu lög ársins, fimm bestu plöturnar og tíu bestu íslensku rapplögin.

„Já, við sátum alveg rennsveittir við þetta nánast fram á nótt á föstudaginn. Þetta var gríðarlega erfitt val og allir með sínar meiningar. En þetta hafðist á endanum,“ segir Benni um hvernig gekk að vinna listann.

Útvarpsþátturinn Kronik er á dagskrá á X-inu alla laugardaga frá klukkan 17 til 19. Þátturinn hóf upphaflega göngu sína árið 1993 en lagðist síðan í dvala fyrir einum tíu árum, en sneri svo að lokum aftur á X-ið í nóvember í fyrra.

**ÞETTA VAR GRÍÐARLEGA ERFITT VAL OG ALLIR MEÐ SÍNAR MEININGAR.**



Þeir Róbert Aron Magnússon og Benedikt Freyr Jónsson hafa lifað og hrærst í rappheiminum í fjöldamörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## TOPP 10 PLÖTUR

**Skepta** - Konnichiwa
**Kanye West** - The Life of pablo
**A$AS Mob** - Cosytapez
**A Tribe Called Quest** - We Got It from Here... Thank You 4 Your Service
**Travis Scott** - Birds in the trap sing McKnight
**Anderson Paak** - Malibu
**Gucci Mane** - Everybody looking
**21 Savage** - Savage Mode
**Chance the rapper** - The Colouring Book
**Schoolboy Q** - Blank Face

## TOPP 20 ÍSLENSKT

1. Aron Can - Enginn Mórall
2. GKR - Tala um
3. Gísli Pálmi - Róró
4. Emmsjé Gauti - Silfurskotta
5. Herra Hnetusmjör - Stjörinn
6. Emmsjé Gauti - Reykjavík
7. Sturla Atlas - Mean 2 u
8. Aron Can - Grunaður
9. Tiny - Thought u knew
10. GKR - Meira
11. Alvia Islandia - Ralph Lauren
12. Cheddy Carter - Yao Ming
13. Kilo - Magnifico
14. Marteinn - Bing
15. Alexander Jarl & Aron Can - No Deal
16. Aron Can - Rúllupp
17. Geimfarar - Hvítur Galdur
18. Blaz Roca - Fýrupp
19. Shades of Reykjavík - Sólmyrkvi
20. Peter Overdrive - Beats með dýfu

## TOPP 25 LÖG

1. Young Thug & Travis Scott feat Quavo - Pick up the phone
2. Schoolboy Q - That Part
3. Migos - Bad n Boujee
4. Kanye West - Father Stretch my hands pt 1
5. Big Sean - Bounce Back
6. Rae Sremmurd - Black Beatles
7. Ty Dolla Sign - Where
8. Skepta - Man
9. 21 Savage - No Heart
10. Rihanna - Nothing is Promised
11. Desiigner - Panda
12. Fat Joe ft French Montana - All the way up
13. Travis Scott - Goosebumps
14. Giggs - Lock doh
15. MadeinTYO - Uber everywhere
16. Future & Lil Uzi Vert - Too much sauce
17. Ab Soul - Drugs
18. Young M.A - OUUUUU
19. Desiigner - Timmy Turner
20. Chance the rapper ft 2 Chainz & Lil Wayne - Problems
21. Tory Lanez - LUV
22. P Money - Panasonic
23. Stormzy- Scary
24. Chip & Kranium -Style Dat
25. A Tribe Called Quest - We the people...

**Álitsgjafar Kronik**

**Björn Valur Pálsson** – plötusnúður og pródúsent, **Egill Ásgeirsson** – plötusnúður, **Karítas Óðinsdóttir** – plötusnúður, **Ragnar Tómas Hallgrímsson** – blaðamaður, **Stefán Þór Hjartarson** - blaðamaður

# Aðlagaðist aðstæðunum í Srí Lanka fljótt

Við í AIESEC þróum leiðtogahæfni ungs fólks með því að gefa því tækifæri til að fara til útlanda í starfsnám eða sinna sjálfboðaliðastörfum,“ segir Vigdís Ólafsdóttir, sem fór sjálf á sínum tíma út til Srí Lanka á vegum AIESEC.

„Já, ég hélt út til Srí Lanka í sumar ásamt vinkonu minni. Tilgangur ferðarinnar var að fræða ungmenni í Srí Lanka um mannréttindi. Við bjuggum í úthverfi Colombo ásamt öðrum sjálfboðaliðum frá AIESEC. Það kom á óvart hvað maður gat vanist aðstæðunum fljótt, enda var ekki annað í boði. Á kvöldin gátu lestirnar orðið ansi troðnar, fólk hékk bókstaflega utan á þeim, en ef við ætluðum að komast heim var ekki annað í stöðunni en að troðast í lestina,“ útskýrir Vigdís sem á ótal merkilegar sögur frá tíma sínum í Srí Lanka.

„Já, það var til dæmis gömul kona sem sat fyrir utan kofann sinn í hverfinu okkar alla daga og við vinkonurnar höfðum rætt það okkar á milli að það væri eins og hún væri að bíða eftir dauðanum. Eitt kvöldið var hún ekki lengur á sínum stað. Þegar betur var að gáð lá hún á borðinu inni hjá sér, böðuð hvítu ljósi. Allt í kringum hana voru hvítir plaststólar og hvítir fánar. Það sást vel inn til hennar og við vorum í sjokki. Fólk í Srí Lanka hugsar öðruvísi um dauðann og gamalt fólk en Vesturlandabúar. Þegar ég sagði fólki frá því að níræð amma mín byggi ein og að flest gamalt fólk byggi á elliheimili skildi það ekki hvernig við gætum verið svona vond við fólkið sem ól okkur upp,“ rifjar Vigdís upp.



Vigdís Ólafsdóttir fór til Srí Lanka á vegum AIESEC-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það var gaman að geta skoðað menningu mína út frá menningu þeirra. Þau hafa líka allt aðra sýn á hefðir sem tengjast menningu, enda búa margir hópar sem aðhyllast mismunandi trúarbrögð þar í landi. Á meðan ég sagði að það væru mannréttindi að velja sér maka bentu sumir á að það væru mannréttindi að fylgja sinni menningu svo það var oft snúið að fræða fólk um mannréttindi þegar skilgreiningin var ekki sú sama.“



Það er upplifun að ferðast með lest í Srí Lanka að sögn Vigdísar.

Meðal þess sem Vigdís og aðrir meðlimir AIESEC gerðu í Srí Lanka var að halda fyrirlestra um kynbundið ofbeldi. „Eitt sinn þegar við vorum með fræðslu var einn félaga minna með miklar áhyggjur af því að kennarinn myndi hringja í lögregluna því við værum komin yfir strikið með því að minnast á meyjarhaftið. Ég efast ekki um að allir Íslendingar geri sér grein fyrir því hversu langt við erum komin í jafnréttismálum. Það að fara til Srí Lanka var ótrúlegt tækifæri til að eiga opinskáar samræður við heimamenn og deila þeim framförum sem hafa átt sér stað hér á Íslandi með fólkinu, sem og að víkka sjóndeildarhringinn.“

Vigdís segir þessa lífsreynslu hafa þroskað hana og hún mælir hiklaust með að áhugasöm ungmenni kynni sér samtökin. „Þetta er ódýr og spennandi leið fyrir fólk til að fá starfsreynslu og efla leiðtogahæfni sína. Einnig er þetta kjörið tækifæri til að kynnast menningu annarra landa og um leið láta gott af sér leiða.“

Vigdís bendir á að allir þeir sem hafa áhuga á að fara út á vegum félagsins geti nálgast upplýsingar um það starfsnám og sjálfboðaliðastörf sem samtökin bjóða upp á á vefnum opportunities.aiesec.org.

gudnyhronn@365.is


GÓÐUR 4x4 BÍLL
ENN BETRI DÍLL
OG NÚ Á LÆKKUÐU VERÐI
AÐEINS 55 ÞÚS. Á MÁNUÐI*
AÐEINS KR.
4.190
ÞÚSUND
Hlaðnir þægindum
VERÐ Á NÝJUM SAMBÆRILEGUM*
5.160
ÞÚSUND
VITARA
Einn vinsælasti smájeppinn á Íslandi
* Miðað við 20% útborgun og lán til 84 mánaða.
**Skv. verðlista umboðs með panorama þaki.
SUZUKI VITARA 4x4GLX DÍSEL
ÁRGERÐ 2016 - SJÁLFSKIPTIR - LÍTIÐ NOTAÐIR
Komnir aftur í mörgum litum á betra verði
√ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
√ Allt að 90% fjármögnun
√ Til í ýmsum litum
√ Góð endursala
√ Tökum bíla upp í
HLAÐNIR ÞÆGINDUM
√ Panorama þak
√ Leður/ rúskinn sæti
√ Bakkmyndavél
√ Íslenskt leiðsögukerfi
√ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
√ Álfelgur
√ Hraðastillir (Cruise Control)
√ Bluetooth
√ USB tengi
√ Akreina og árekstrarvari
√ Litað gler
√ Ofl.
Bílarnir eru eknir á bilinu 25-29 þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er apríl 2016.
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
kaffi á könnunni
STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík








**Salka Valsdóttir er ein þeirra sem sáu að mestu um að skrifa textann við nýjasta lag Reykjavíkurdætra, Kalla mig hvað.** MYND/HREFNA BJÖRG GYLFADÓTTIR

# Spáir því ekki að nýja lagið valdi uppnámi

Hljómsveitin **Reykjavíkurdætur** sendi frá sér glænýtt lag í síðustu viku. Lagið, sem heitir Kalla mig hvað, unnu þær ásamt Marteini, betur þekktum sem Bngrboy, en þetta er í fyrsta sinn sem þær vinna með honum. Texti lagsins er svo skrifaður með öðru fyrirkomulagi en meðlimir Reykjavíkurdætra hafa notað hingað til.

Við vorum að gera smá tilraun með hvernig við skrifum," segir Salka Valsdóttir, meðlimur Reykjavíkurdætra, um nýtt fyrirkomulag í textaskrifum. „Venjulega er eitthvað þema og þá fara allir í sitt horn og skrifa sitt vers, svo púslum við öllu saman. Við höfum líka skrifað heilt lag saman, þá hittumst við geðveikt oft og púslum einni og einni setningu saman. Það eru skemmtilegar leiðir til að skrifa en nú prófuðum við nýja leið þannig að allt myndi flæða betur. Við Þuríður Blær skrifuðum sem sagt öll versin í þessu nýja lagi. Við skrifuðum vers fyrir hverja og eina og svo komu hinar með sitt „input" og sumar bættu við textann eftir á."

Salka segir þessa tilraun vera skemmtilega og planið er að halda áfram að vinna með þessu fyrirkomulagi. „Næst munu þá kannski einhverjar aðrar skrifa textann. Þá verður útkoman örugglega allt öðruvísi því við erum allar með ólíkan stíl. Það sem einkennir okkur er mikill texti, við erum náttúrulega svo margar, og það heldur sér alveg."

Eins og áður sagði er þetta í fyrsta sinn sem Reykjavíkurdætur vinna með Marteini og þar af leiðandi er nýr og ferskur blær á nýja laginu, að sögn Sölku. „Marteinn er að vinna með mjög skemmtilegan hljóðheim, mikið af brotnum hljómum, svolítið hart og offbít. Hann kemur með annan blæ."

**ÉG HELD AÐ ALMENNT SÉ MEIRI SMÁSJÁ YFIR ÞVÍ SEM KONUR GERA, FÓLK HEFUR ÁHYGGJUR AF ÞVÍ AÐ LÖGIN OKKAR SÉU EKKI BARNVÆN EÐA VIÐEIGANDI.**



**Hluti af Reykjavíkurdætrum.** FRÉTTABLAÐIÐI/ERNIR

## Fá hvort sem er alltaf einhvern skít

Lög Reykjavíkurdætra eiga það til að valda uppnámi og Salka segir margt fólk vera upptekið af því að reyna að lesa á milli línanna þegar það hlustar á textana. „Fólk á það til að kryfja textana okkar alveg rosalega. Fólk verður oft mjög reitt og gerir ráð fyrir að lögin okkar hafi mikil og marglaga skilaboð, þó að við séum bara stundum, eins og svo margir aðrir, að leika okkur."

„Það eru örugglega margar ástæður fyrir því," segir Salka aðspurð af hverju fólk taki texta þeirra gjarnan bókstaflega. „Ég held að almennt sé meiri smásjá yfir því sem konur gera, fólk hefur áhyggjur af því að lögin okkar séu ekki barnvæn eða viðeigandi. Það er oft minna rými fyrir ólíka kvenkaraktera og raddir. Það er minna rými fyrir að konur segi hluti án þess að það hafi ótrúlega miklar afleiðingar. En við [í Reykjavíkurdætrum] höfum komist að þeirri niðurstöðu að það er bara best að segja það sem maður vill og meinar, maður mun hvort sem er alltaf fá einhvern skít," segir Salka og hlær.

Salka spáir því ekki að nýja lagið muni valda neinu uppnámi. „Nei, ég held ekki en maður veit reyndar aldrei. Eins og t.d. þegar við löbbuðum út úr þætti Gísla Marteins á sínum tíma þá ræddum við það að við hefðum kannski átt að gera eitthvað meira, ganga eitthvað lengra með það. En svo fannst fólki það alveg brjálað, þannig að maður veit aldrei. En þetta nýja lag er ekki að skjóta neinum föstum skotum á neitt ákveðið."

Það sem er á döfinni hjá Reykjavíkurdætrum er gerð myndbands við nýja lagið. „Það kemur út 14. febrúar, á Valentínusardaginn." Þess má geta að nýja lagið kemur á allar veitur 14. febrúar en þangað til verður það í útvarpsspilun.

Þegar Salka er spurð út í hvort von sé á nýrri plötu frá Reykjavíkurdætrum svarar hún neitandi. „Við erum ekki að fara að gefa út plötu á næstunni, en það er mikil gróska og það er að koma mikið af nýju efni á næstunni, í formi nokkurra singúla örugglega. Það er fullt á leiðinni."

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Vodafone RED
## Öll fjölskyldan, eitt verð

Vodafone ONE



**8.980 kr.**

Innifalið í Vodafone RED er m.a.

| ∞ | 50 GB | 🌐 | ▭ | 100 GB |
|---|---|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Samnýtt gagnamagn | 500 mínútur til útlanda | Gagnamagnskort fyrir öll snjalltækin þín | Komdu í ONE og þú tvöfaldar gagnamagnið |

---

# Vodafone SMART
## Ótakmörkuð símtöl og SMS



**2.390 kr.**

| ∞ | 100 MB | 5 GB |
|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Innifalið gagnamagn | Komdu í ONE og þú margfaldar gagnamagnið |

Kynntu þér alla kosti Vodafone RED og SMART
á vodafone.is, í síma 1414 eða í næstu verslun.

**Vodafone**
Við tengjum þig

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Berglindar Pétursdóttur




## Óvelkomnar minningar

Internetið virðist, þvert á það sem áður var talið, vera eitthvað miklu meira en bara bóla. Það er að minnsta kosti enn á góðu róli í dag, áratugum eftir að það kom fyrst fram á sjónarsviðið. Við erum dugleg að nýta okkur þetta fyrirbæri, sérstaklega eftir að samfélagsmiðlarnir urðu hluti af okkar daglega lífi. Nú hef ég verið virkur notandi á Facebook í að verða átta ár og á þessum tíma hef ég hlaðið upp ógrynni af hræðilega lélegum myndum og tjáð mig fjálglega um mál sem skipta mig mismiklu máli.

Þetta rifjast reglulega upp þar sem miðillinn hefur tekið upp á því nýlega að minna mig daglega á hluti sem gerðust fyrir nákvæmlega X mörgum árum. Á hverjum morgni bíður mín ný gömul mynd af mér kófdrukkinni á þorrablóti eða stöðuuppfærslur fylltar svo ungæðislegri yfirlýsingagleði að mig langar helst að skera af mér fingurna til að tryggja að þeir rati aldrei aftur á lyklaborð.

Hvernig gat ég haft svona lélegar skoðanir einu sinni? Hvernig gat mér fundist fyndið að hlaða upp þessu myndbandi? Þetta er svolítið eins og að allir og amma þeirra hefðu aðgang að myndaalbúminu heima hjá foreldrum manns með fermingarmyndunum, ef maður var jafn ótrúlega ófrítt fermingarbarn og ég sjálf það er að segja.

Það er fátt erfiðara en að rembast allan daginn við að vera ágætis týpa en sjá svo mynd af sér frá sumrinu þegar maður starfaði sem götulistamaður. Það er einfaldlega ekki hægt. Mín fyrstu viðbrögð við þessari viðbót voru að ég þyrfti helst að taka mér langt frí frá vinnu og byrja að eyða. Þurrka út þessar minningar sem ég hef engan áhuga á að varðveita. Og ég held að það sé bara ágætis lausn, tek ekki símann næstu vikuna.








